

ÁRSSKÝRSLA 2016-2017



Krabbameinsfélagið

Ársskýrsla 2016-2017

Lögð fram á aðalfundi
Krabbameinsfélags Íslands
6. maí 2017

Efni

Tækifæri með breyttum forsendum (formáli framkvæmdastjóra)	4
Stjórn og skipurit	6
Reikningar	7
Lykiltölur úr rekstri	16
Rekstrarsvið	18
Kynningarmál og fjáröflun	19
Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins.....	23
Íbúðirnar á Rauðarárstíg	27
Krabbameinsskráin	28
Leitarstöð Krabbameinsfélagsins	34
Frumurannsóknastofa	37
Aðalfundur 2016	38
Formannafundur 2016	41
Aðildarfélag Krabbameinsfélags Íslands.....	43
Lög Krabbameinsfélags Íslands.....	71

Á forsíðu er mynd af bleikum heyrillum við Mýrdalsjökul.
Á baksíðu er mynd af skeggprúðum þátttakanda í Mottumars.
Ljósmyndirnar tók Ómar Óskarsson.

Tækifæri með breyttum forsendum

Í október á síðasta ári fékkst loksins lausn varðandi lífeyrisskuldbindingar Krabbameinsfélags Íslands. Þær höfðu árum saman hvílt eins og mara á félaginu og allt stefndi að því að ganga þyrfti á eigið fé félagsins og gera verulegar breytingar á starfseminni. Niðurstaðan sem náðist var að ríkið yfirtók 85% af lífeyrisskuldbindingunum og félagið tók til sín 15%. Sama niðurstaða fékkst einnig varðandi þau aðildarfélög sem voru með lífeyrisskuldbindingar. Þetta þýðir að staða Krabbameinsfélagsins er gjörbreytt og tækifæri hefur skapast fyrir ný og aukin verkefni með þeim fjármunum sem áður höfðu verið settir til hliðar vegna lífeyrisskuldbindinganna.

Þrátt fyrir þessa ánægjulegu niðurstöðu í fjármálum hefur samt ríkt óvissa um framtíðarfyrirkomulag ákveðinna þátta í starfsemi félagsins, einkum leitarstarfseminnar.

Útlit var fyrir það um síðustu áramót að ekki væru nægir starfskraftar til að lesa úr röntgenmyndum vegna skimunar fyrir brjóstakrabbameini. Tímabundin lausn fékkst á því með samningum við fyrirtæki sem tók að sér þetta verkefni frá áramótum en huga þarf að því hvernig framhaldi þessarar þjónustu verður hagað. Þá voru Sjúkratryggingar Íslands, skv. fyrirmælum frá velferðarráðuneytinu, einungis tilbúnar til að gera samning til loka september um framkvæmd leitar vegna legháls- og brjóstakrabbameins. Jafnframt hefur velferðarráðuneytið verið með til skoðunar hvar stjórnstöð leitarinnar verði, m.a. hvort hún verði flutt frá Krabbameinsfélaginu. Þegar þetta er skrifað er ekki komin niðurstaða frá velferðarráðuneytinu um það hver staðsetning stjórnstöðvarinnar verður né um hvort vilji sé til að semja við Krabbameinsfélagið um framkvæmd krabbameinsleitar eftir 30. september. Jafnframt hefur komið fram í viðræðum við ríkið að vegna breyttra laga um opinber innkaup muni þurfa að auglýsa eftir áhuga aðila að taka að sér framkvæmd krabbameinsleitar og, ef fleiri en Krabbameinsfélagið lýsa yfir áhuga, þá þurfi að fara fram útboð. Hins vegar er alls óvíst hvenær farið verður út í þetta fyrirkomulag.

Afstaða félagsins til mögulegra breytinga er sú að mestu máli skipti að starfsemi tengd krabbameinsmálum sé í öruggum höndum. Krabbameinsfélagið er tilbúið að stíga til hliðar með tiltekin verkefni í samræmi við vilja yfirvalda en leggur áherslu á að þjónustan sé tryggð. Hins vegar er félagið líka tilbúið að halda verkefninu áfram og myndi, ef það yrði niðurstaðan, setja á stofn sérstaka rekstrareiningu í kringum leitarstarfsemina. Um leið yrði lögð meiri áherslu á ráðgjöf, rannsóknir og fræðslu. Varðandi mögulegar breytingar þarf að vinna hratt og áætlun um framhald að liggja fyrir sem fyrst. Þar skiptir máli að tryggja áframhald þjónustunnar, að starfsmenn fái sem fyrst fast land undir fótum og að taka ákvörðun varðandi framtíðarskipulag og –starfsemi Krabbameinsfélagsins.

Um síðustu áramót fluttist klínísk brjóstaskoðun frá Krabbameinsfélaginu til Landspítalans í samræmi við samkomulag sem gert var 2015.

Krabbameinsfélagið hefur lengi barist fyrir því að tekin verði upp skimun fyrir krabbameini í endaparmi og ristli. Samkvæmt samningi við velferðarráðuneytið tók Krabbameinsfélagið að sér að undirbúa þessa skimun og lauk þeirri vinnu undir lok síðasta árs. Málið er nú til meðferðar hjá ráðuneytinu og er mikilvægt að það komist til framkvæmda hið fyrsta. Hins vegar hefur ríkið ekki gert ráð fyrir fjármagni til verkefnisins á þessu ári. Vonandi finnst lausn á því en augljóst er að ef horft er til lengri tíma mun nást verulegur sparnaður því gert er ráð fyrir að speglunum muni fækka.

Krabbameinsáætlun er verkefni sem dregist hefur allt of lengi að ljúka við og er Ísland eina landið á Norðurlöndunum sem ekki er með slíka áætlun. Ráðgjafahópur skilaði af sér ítarlegri skýrslu á árinu 2015 sem síðan hefur verið til meðferðar hjá velferðarráðuneytinu. Nú hillir hins vegar undir að skriður sé að komast á málið að nýju.

Í febrúar 2017 var í fyrsta skipti auglýst eftir umsóknum um styrki úr Vísindasjóði Krabbameinsfélags Íslands. Alls bárust 23 umsóknir og verður úthlutunin kynnt á aðalfundi félagsins 6. maí. Má búast við að heildarupphæð styrkja verði 40-50 milljónir króna.



**Hús Krabbameins-
félagsins að
Skógarhlíð 8 í
Reykjavík.**

Aðildarfélög Krabbameinsfélags Íslands eru mikilvægasti hlekkurinn í starfseminni og það er þeirra að móta starfsemi félagsins, færa það nær almenningi og styrkja það sem eina heild þannig að sem mestur árangur náist í baráttunni við krabbamein. Mikilvægt er því að starf og þjónusta aðildarfélagana eflist til framtíðar.

Frábær árangur náðist í fjáröflun Krabbameinsfélagsins á árinu 2016. Opinberir aðilar, fyrirtæki og einstaklingar standa þétt við bakið á félaginu með stuðningi í tengslum við söfnunarherferðir, samstarfsverkefni og einnig berast fjárframlög yfir árið án þess að sérstakar safnanir séu í gangi. Erfðagjafir voru einnig áberandi á síðasta ári og ber það vott um einstakan hlýhug í garð félagsins. Velunnarar Krabbameinsfélagsins styðja mánaðarlega við starfsemina og eiga þannig mikilvægan þátt í að tryggja stöðugleika í starfseminni.

Á aðalfundi í maí 2016 urðu formannaskipti og síðan aftur nú í janúar þegar formaður sagði af sér vegna annarra starfa. Þá urðu framkvæmdastjórnarskipti í desember.

Ég vil að lokum þakka fyrrverandi forstjóra, núverandi og fyrrverandi formanni félagsins, stjórnarmönnum, samstarfsaðilum og öllum þeim sem stutt hafa Krabbameinsfélag Íslands gott samstarf og velvild í þágu félagsins.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands.

Stjórn og skipurit

Verndari Krabbameinsfélags Íslands:

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands 2016-2017:

Aðalmenn:

Valgerður Sigurðardóttir læknir, formaður*

Árni Einarsson uppeldisfræðingur, ritari

Elísabet Arna Helgadóttir læknir

Friðrik Vagn Guðjónsson, meðstjórnandi

Jón Þorkelsson viðskiptafræðingur, gjaldkeri

Þorsteinn Pálsson lögfræðingur, meðstjórnandi

(kjörtímabil 2016-2017, fyrst kosin 2015)

(kjörtímabil 2015-2017, fyrst kosinn 2014)

(kjörtímabil 2016-2018, fyrst kosin 2016)

(kjörtímabil 2015-2017, fyrst kosinn 2011)

(kjörtímabil 2016-2018, fyrst kosinn 2013)

(kjörtímabil 2016-2018, fyrst kosinn 2016)

Varamenn:

Guðjón Hauksson hjúkrunarfræðingur

Kristín Halldórsdóttir lífeindafræðingur


(kjörtímabil 2016-2017, fyrst kosinn 2016)

(kjörtímabil 2016-2017, fyrst kosin 2016)

Framkvæmdastjóri:

Kristján Oddsson til 1. desember 2016, síðan Kristján Sturluson.

* Valgerður var varaformaður en tók við sem formaður þegar Sigrún Gunnarsdóttir baðst lausnar í janúar 2017.



Reikningar

Frá Ernst & Young ehf.

Rekstrarreikningur 2016

		2016	2015
	Skýr.		
Rekstrartekjur			
Skoðanagjöld		178.604.935	163.371.337
Samningur við Ríkissjóð vegna leitar		415.600.000	365.775.004
Fjárveiting frá Ríkissjóði		30.009.000	32.791.000
Fjáröflunarverkefni		411.036.263	350.386.269
Aðrar tekjur		97.709.199	55.084.441
		<u>1.132.959.397</u>	<u>967.408.051</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	376.436.286	371.622.254
Lífeyrisgreiðslur og hækkun lífeyrisskuldbindingar	4	0	119.611.288
Aðkeypt heilbrigðisþjónusta		55.717.655	62.835.821
Aðkeypt önnur þjónusta		85.721.485	144.914.940
Húsnæðiskostnaður		39.095.313	41.608.441
Styrkir		161.800.000	79.628.831
Annar rekstrarkostnaður	5	285.408.186	142.762.071
Afskrifað af rekstrarfjármunum	6	79.906.026	55.650.129
		<u>1.084.084.951</u>	<u>1.018.633.775</u>
Afkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		48.874.446	(51.225.724)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		33.209.700	54.531.824
Vaxtagjöld, banka- og innheimtukostnaður		(2.017.190)	(930.226)
		<u>31.192.510</u>	<u>53.601.598</u>
Tekjuafgangur		<u><u>80.066.956</u></u>	<u><u>2.375.874</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir		2016	2015
	Skýr.		
Fastafjármunir			
Skógarhlíð 8	6	493.973.475	510.842.563
Rauðarárstígur 33	6	84.160.900	85.926.011
Áhöld, tæki og annar búnaður.....	6	155.466.712	195.410.365
Fastafjármunir samtals		<u>733.601.087</u>	<u>792.178.939</u>
Fjáreignir			
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu	7	532.046.003	526.042.510
Bundnar bankinnstæður, verðtryggðar.....		<u>27.908.380</u>	<u>0</u>
Fjáreignir samtals		<u>559.954.383</u>	<u>526.042.510</u>
Veltufjármunir			
Ýmsir skuldunautar og aðrar eignir		94.032.295	66.427.709
Handbært fé		<u>235.578.345</u>	<u>409.173.732</u>
Veltufjármunir samtals		<u>329.610.640</u>	<u>475.601.441</u>
Eignir samtals		<u><u>1.623.166.110</u></u>	<u><u>1.793.822.890</u></u>

31. desember 2016

Eigið fé og skuldir

		2016	2015
	Skýr.		
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	9	1.309.585.945	593.313.420
Eigið fé samtals		<u>1.309.585.945</u>	<u>593.313.420</u>
Skuldbindingar og langtímalán			
Langtímalán	10	4.096.203	4.230.870
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	11	0	822.819.659
Skuldbindingar og langtímalán samtals		<u>4.096.203</u>	<u>827.050.529</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur kostnaður		145.669.241	152.522.117
Næsta árs afborgun langtímalána	10	303.422	301.161
Aðrar skammtímaskuldir.....		<u>163.511.299</u>	<u>220.635.663</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>309.483.962</u>	<u>373.458.941</u>
Skuldir samtals		313.580.165	1.200.509.470
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>1.623.166.110</u></u>	<u><u>1.793.822.890</u></u>

Sjóðstreymi 2016

		2016	2015
Handbært fé frá rekstri	Skýr.		
Samkvæmt rekstrarreikningi		80.066.956	2.375.874
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	6	79.906.026	55.650.129
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	11		87.008.922
Reiknaðar verðbætur langtímalána		56.018	238.508
Reiknaðar verðbætur á verðbréf.....	7	(6.003.493)	(56.646.562)
Hreint veltufé frá rekstri		<u>154.025.507</u>	<u>88.626.871</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum			
Lækkun (aukning) viðskiptakrafna		(38.531.482)	(4.919.876)
(Lækkun) aukning viðskiptaskulda		<u>(63.977.240)</u>	<u>105.098.893</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(102.508.722)</u>	<u>100.179.017</u>
Handbært fé frá rekstri		51.516.785	188.805.888
Fjárfestingarhreyfingar			
Framkvæmdir við fasteign o.fl.....	6	(21.328.174)	(24.880.216)
Aukning fjármagns í fjárvörslu	7	0	648.582
Bundnar bankainnstæður.....		<u>(27.908.380)</u>	<u>0</u>
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(49.236.554)</u>	<u>(24.231.634)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun langtímalána		(188.424)	(318.240)
Uppgjör lífeyrisskuldbindingar.....		<u>(175.687.194)</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(175.875.618)</u>	<u>(318.240)</u>
Breyting á handbæru fé á árinu		(173.595.387)	164.256.014
Handbært fé í ársbyrjun		<u>409.173.732</u>	<u>244.917.718</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>235.578.345</u></u>	<u><u>409.173.732</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Krabbameinsfélag Íslands er sjálfseignarstofnun og er tilgangur félagsins að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini. Lögheimili félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en samkvæmt matinu.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem eru færðar á gangvirði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi þess dags sem gangvirði var ákvarðað.

Verðbætur

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2017. Verðbætur eru færðar í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu stofnverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs. Nánar er getið um afskriftir í skýringu nr. 6.

Skýringar

Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu

Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu eru upphaflega metnar á gangvirði eða kostnaðarverði að viðbættum viðskiptakostnaði. Mat á gangvirði miðast við síðasta skráða kaupgengi á reikningsskiladegi þegar til er virkur markaður með viðkomandi eign. Markaður telst virkur ef hægt er að nálgast opinbert verð frá kauphöll eða öðrum aðilum og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila. Þegar virkur markaður er ekki til staðar er gangvirði viðkomandi fjárfestingar reiknað út með almennum viðurkenndum matslíkönum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður aðrar en þær sem eru hluti af fjárvörslusamningum.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

	<u>2016</u>	<u>2015</u>
Laun	305.868.275	304.834.202
Launatengd gjöld	<u>70.568.011</u>	<u>66.788.052</u>
	<u>376.436.286</u>	<u>371.622.254</u>

Í árslok voru starfsmenn félagsins 53 í 43 stöðugildum, samanborið við 59 starfsmenn í 44 stöðugildum árið áður. Laun stjórnenda námu 79,1 milljónum króna á árinu, en um 74,1 milljónum króna árið áður. Stjórn félagsins þiggur ekki laun fyrir sín störf.

Skýringar

4. Lífeyrissgreiðslur og hækkun lífeyrisskuldbindinga

	2016	2015
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	0	87.008.922
Greiddur lífeyrir	0	32.602.366
	<u>0</u>	<u>119.611.288</u>

Lífeyrisskuldbinding félagsins var færð sem 55,5 - 59,6% af fullum réttindum árið 2015. Gengið var frá samkomulagi árið 2016 við fjármála- og efnahagsráðuneytið um uppgjör á lífeyrisskuldbindingu félagsins. Nánar er gerð grein fyrir skuldbindingu félagsins í skýringu nr. 11.

5. Annar rekstrarkostnaður

	2016	2015
Rekstur áhalda og tækja	97.334.961	14.086.601
Skrifstofukostnaður	40.871.482	27.185.662
Stjórnun og umsýsla	80.841.655	25.295.165
Vörunotkun	53.793.880	62.292.143
Annar kostnaður	12.566.208	13.902.500
	<u>285.408.186</u>	<u>142.762.071</u>

6. Varanlegir rekstarfjármunir

	Skógarhlíð 8	Rauðarár- stígur 33	Áhöld tæki og annar búnaður
Heildarverð í ársbyrjun	727.884.081	98.061.713	438.858.874
Viðbót á árinu	772.039	0	20.556.135
Heildarverð í árslok	<u>728.656.120</u>	<u>98.061.713</u>	<u>459.415.009</u>
Afskrifað áður	217.041.518	12.135.702	243.448.509
Afskrifað á árinu	17.641.127	1.765.111	60.499.788
Afskrifað í árslok	<u>234.682.645</u>	<u>13.900.813</u>	<u>303.948.297</u>
Bókfært verð í árslok	<u>493.973.475</u>	<u>84.160.900</u>	<u>155.466.712</u>
Fyrningahlutföll	2,0%	2,0%	10 - 15%

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteignamat	Vátrygginga- verðmæti	Bókfært verð
Skógarhlíð 8	454.027.500	592.705.000	493.973.475
Rauðarárstígur 33, 8 íbúðir	135.325.000	94.420.000	84.160.900
	<u>589.352.500</u>	<u>687.125.000</u>	<u>578.134.375</u>

Skýringar

7. Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu

Fjáreignir Krabbameinsfélags Íslands samanstanda af bankareikningum, verðbréfum og öðrum eignum í fjárvörslu sem bókfærðar eru við markaðsverði í árslok.

	2016	2015
Bankareikningar	513.979	8.998.993
Hlutabréf	17.010.773	19.207.195
Skuldabréf	339.167.400	171.093.275
Eignastýringarsjóðir	175.353.851	326.743.047
	<u>532.046.003</u>	<u>526.042.510</u>

Breyting verðbréfaeignar og eigna í fjárvörslu greinist þannig:

	2016	2015
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu í ársbyrjun	526.042.510	470.044.530
Aukning (úttekt) fjármuna í fjárvörslu		(648.582)
Ávöxtun ársins.....	6.003.493	56.646.562
	<u>532.046.003</u>	<u>526.042.510</u>

8. Veltufjármunir

Ýmsir skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar við nafnverði að teknu tilliti til óbeinnar niðurfærslu. Óbein niðurfærsla krafna nemur kr. 2.490.400 í árslok.

9. Eigið fé

	2016	2015
Óráðstafað eigið fé		
Óráðstafað frá fyrra ári	593.313.420	590.937.546
Leiðrétting vegna lífeyrisskuldbindinga	636.205.568	0
Hagnaður (tap) ársins	80.066.956	2.375.874
	<u>1.309.585.944</u>	<u>593.313.420</u>

10. Langtímaskuldir

Verðtryggð lán	4.399.625
Næsta árs afborgun	(303.422)
	<u>4.096.203</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2017	303.422
Afborganir 2018.....	303.422
Afborganir 2019.....	303.422
Afborganir 2020.....	303.422
Afborganir 2021.....	303.422
Afborganir síðar	2.882.515
	<u>4.399.625</u>



Langtímaskuld félagsins er lán frá Íbúðarlánasjóði, með veði í fasteign félagsins að Rauðarárstíg 33. Lánið ber 4,9% vexti.

Skýringar


11. Lífeyrisskuldbindingar

Gengið var frá samkomulagi árið 2016 við fjármála- og efnahagsráðuneytið um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum félagsins. Samkomulagið felur í sér að félagið greiðir sem nemur 15% af heildarskuldbindingunum til Lífeyrissjóðs Starfsmanna Ríkisins og Lífeyrissjóðs Hjúkrunarfræðinga og yfirtekur Ríkissjóður 85% skuldbindingarinnar. Í fyrrgreindum samningi er tilgreint að lífeyrisskuldbindingar falli úr ársreikningi félagsins við uppgjörið og að til framtíðar verði greitt fullnaðariðgjald vegna þeirra starfsmanna sem eru í starfi og að ekki myndist frekari skuldbinding. Samkomulagið miðast við stöðu lífeyrisskuldbindingarinnar 31.12.2015. Uppgjör skuldbindingarinnar er fært yfir eigið fé og vísast þar til skýringar 9.


Lykiltölur úr rekstri



Tekjur, gjöld og rekstrarafkoma



Fjöldi starfsmanna og stöðugilda



Rekstrarsvið

Í árslok 2016 störfuðu fimm starfsmenn á rekstrarsviði Krabbameinsfélags Íslands. Undir rekstrarsvið heyra skrifstofa, tölvudeild, eignaumsjón og mötuneyti.

Skrifstofa. Á skrifstofu starfa fjórir starfsmenn. Meginverkefni skrifstofu eru fjármálastjórn, starfsmanna-
stjórn, launavinnsla, innheimtur, bókun reikninga, greiðsla reikninga, móttaka, símavarsla og umsjón með
minningakortum ásamt ýmsum sérverkefnum og samningamálum.

Mötuneyti. Matreiðsla og umsjón mötuneytis er aðkeypt.

Tölvudeild. Í tölvudeild starfar einn starfsmaður og er aðalviðfangsefni hans þjónusta við aðrar deildir
félagsins á sviði vélbúnaðar og hugbúnaðar.

Helgi Björnsson.

Kynningarmál og fjáröflun

Megintilgangur kynningar- og fjáröflunarviðs er að standa að kynningu á starfsemi félagsins, styrkja ímynd þess og efla fjáröflunarleiðir. Undir sviðið fellur öll fjáröflun sem stunduð er undir vörumerki félagsins, að undanskildu happaðrætti Krabbameinsfélagsins. Kynningar- og fjáröflunarstjóri ber ábyrgð á ímynd og virði vörumerkis Krabbameinsfélagsins, auk Bleiku slaufunnar og Mottumars.

Kynningar- og fjáröflunarvið hefur umsjón með ýmsum samskiptum við fjölmiðla fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands og birgja eða samstarfsaðila er tengjast kynningar- og fjáröflunarmálum. Sviðið annast umsjón og rekstur á vefsíðum Krabbameinsfélagsins sem og svæðum félagsins á samfélagsmiðlum.

Velunnarar

Velunnarar eru stærsta einstaka fjáröflun félagsins og gerir stuðningur þeirra félaginu kleift að halda stöðugleika í rekstri árið um kring. Velunnarar gera félaginu kleift að bjóða margvíslega þjónustu, rannsóknir og ráðgjöf auk fræðslu og forvarna. Við erum snortin yfir þeim mikla velvilja og trausti sem velunnarar sýna Krabbameinsfélaginu í hverjum mánuði. Velunnarar eru búsettir víðsvegar um landið og eru á öllum aldri. Sá yngsti er 18 ára og sá elsti er 98 ára. Félagið sendir á póstlista velunnara í hverjum mánuði áhugaverðar upplýsingar úr starfinu eða stutta fræðslumola. Í september 2016 var einnig sent fréttabréf í pósti til þeirra velunnara sem ekki hafa skráð netfangið sitt og þeirra sem gengu í hópinn á haustmánuðum.

Verkefni 2016

Í maí 2016 framleiddum við *fræðsluefni um húðkrabbamein* í samstarfi við Jennu Huld Eysteinsdóttur húðlækni sem sat fyrir svörum í þrettán stuttum myndböndum um húðkrabbamein. Lára G. Sigurðardóttir fræðslustjóri samdi spurningar sem settar voru upp í létt sjálfspróf. Myndböndin og prófið slógu í gegn en um 50 þúsund hafa horft á myndböndin á Facebook og prófið skoðað í 17 þúsund skipti.

Áfram var unnið að því að bæta ásýnd og innihald vefsins *krabb.is* en nýr vefur fór í loftið 4. febrúar 2016, á alþjóðlega krabbameinsdeginum (World Cancer Day) eftir rúmlega árs undirbúning. Um 22% aukning er á heimsóknnum á vefinn og fleiri staldra lengur við. Stærsta breytingin er að fræðslusíður um einkenni og orsakir eru mun meira skoðaðar en áður. Vefurinn fékk verðlaun sem besti samfélagsvefurinn á Íslensku vefverðlaununum árið 2016 og við erum afar stolt af því.

Valdimar Guðmundsson, tónlistarmaður hljóp fyrir Krabbameinsfélagið í *Reykjavíkurmaraþoninu* og hann safnaði um 1,1 millj. kr. fyrir félagið. Alls hlupu um 250 hlauparar fyrir Krabbameinsfélagið og söfnuðu um 4,3 millk. kr. Mikil stemning var og öllum hlaupurunum boðið að fá merki fyrir bol sinn „Ég hleyp fyrir Krabbameinsfélagið“ á skráningarhátíðinni í Laugardalshöll. Hlauparar söfnuðu einnig um 2,2 millj. kr. fyrir Krabbameinsfélag Akureyrar og um 900 þús. kr. fyrir Krabbameinsfélag Austfjarða, fyrir Sigurvon á Ísafirði um 200 þús. kr auk þess sem áheit á Kraft námu um 1,3 millj. kr.

Bleikar heyrúllur. Bændur, dreifingaraðilar og framleiðendur heyrúlluplasts styrktu Krabbameinsfélagið með sölu á bleiku heyrúlluplasti. Þetta var í fyrsta skipti sem bleikar heyrúllur skreyttu tón bænda og mæltist uppátækið vel fyrir því allt bleikt plast seldist upp. Krabbameinsfélagið efndi til ljósmyndakeppni þar sem myndefnið var bleikar heyrúllur og var valinn sigurvegari úr um 90 myndum.

Jón Eggert Guðmundsson lét ekkert stöðva sig í að hjóla strandvegi Íslands á fjórum vikum í júlí. Jón Eggert lagði 3.200 kílómetra að baki og safnaði áheitum fyrir Krabbameinsfélagið. Tíu ár eru síðan Jón Eggert gekk sömu strandvegi landsins en í bæði skiptin safnaði hann áheitum fyrir Krabbameinsfélagið

Haustsala aðildarfélaganna fór fram dagana 31. ágúst - 7. september og tóku 11 svæðafélög þátt. Seldir voru innkaupapokar, rúðusköfur og pennar merktir Krabbameinsfélaginu. Vörurnar voru meðal annars seldar fyrir utan verslanir og verslunarmiðstöðvar og til fyrirtækja.



Bleikar heyrúllur prýddu tún bænda víða um land sumarið 2016 en framleiðendur og dreifingaraðilar heyrúlluplast ásamt bændum styrktu Krabbameinsfélagið með sölu á bleiku heyrúlluplasti.

Globeathonhlaupið sem er alþjóðlegt átak til að vekja athygli á krabbameini í kvenlíffærum var haldið í byrjun september og tóku um 200 hlauparar þátt í hlaupinu. Sú upphæð sem hefur safnast inn í þessu verkefni hefur öll runnið til LÍF styrktarfélags sem styrkir kvennadeild Landspítalans með ýmsum hætti. Að þessu sinni rann 726 þús. kr. styrkur til dagdeildar blóðmeina og krabbameina 11 B á Landspítalanum. Einnig var haldin ráðstefna um fjölbreytt málefni tengd krabbameinum í kvenlíffærum.

Fjölmarginir *fundir, fyrirlestrar og ráðstefnur* eru haldnar hjá Krabbameinsfélaginu í hverjum mánuði en „Kúnstin að nærast á 21. öldinni“ þótti takast einstaklega vel. Þau Lára G. Sigurðardóttir, læknir og fræðslustjóri, Jóhann Eyrún Torfadóttir, næringarfræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum, Guðmundur F. Jóhannsson, læknir og skipuleggjandi Foodlose og Lukka í Happ fjölluðu um tengsl mataræðis og heilsu fyrir fullu húsi. Hætt var að taka á móti skráningum þegar 140 gestir voru skráðir en 200 komu í salinn þar sem gert er ráð fyrir 110 að hámarki. Áhugi á lýðheilsu og forvörnum er greinilega mikill meðal landsmanna ef marka má þessi sterku viðbrögð.

Bleika slaufan

Tilgangur Bleiku Slaufunnar 2016 var sem fyrr að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Bleika slaufan var tileinkuð brjóstakrabbameini að þessu sinni og rann öll fjáröflun átaksins til endurnýjunar tækjabúnaðar fyrir brjóstakrabbameinsleit. Í átakinu seldust yfir 35 þúsund slaufur auk þess sem að verðmæti samstarfssamninga við fyrirtæki þrefaldaðist á milli ára. Þess má geta að samkvæmt könnun sem Maskína gerði fyrir Krabbameinsfélagið árið 2016 eru 85% þeirra sem svöruðu líklegri til að kaupa vöru þar sem hluti af söluandvirðinu rennur til Bleiku slaufunnar ef um er að ræða val á milli tveggja sambærilegra vara á sambærilegu verði. Í sömu könnun var spurt um traust til Krabbameinsfélagsins og svöruðu yfir 90% aðspurðra að þau bæru traust til félagsins.

Lovísa Halldórsdóttir og Unnur Eir Björnsdóttir unnu hugmyndasamkeppi um hönnun Bleiku slaufunnar sem var haldin af Krabbameinsfélaginu í samstarfi við Félag íslenskra gullsmiða. Þær lýstu formi hennar þannig: „Bleika slaufan 2016 táknar stuðningsnetið sem mikilvægast er þeim konum sem greinast með krabbamein - fjölskyldan og samfélagið.“

Herferðin hét #fyrirmömmu og var tileinkuð mæðrum okkar allra, sem eru alltaf til staðar – og við viljum þakka þeim fyrir það.



Bleiki mánuðurinn hófst með góðgerðardegi Kringlunnar, sem haldinn var í fyrsta skipti, og Bleika boðinu, sem haldið var í Kringlunni með dyggri aðstoð tónlistarmanna og skemmtikrafta sem gáfu vinnu sína. Afraksturinn var yfir 4 milljónir króna.

Dreifing á fræðsluefni gekk vel og mjög margir tóku þátt á samfélagsmiðlum. Fjölbreytnin í þátttökunni var mikil, 1.500 deildu auglýsingunni og annar eins fjöldi líkaði við hana. Yfir 165 þúsund sáu auglýsinguna á Facebook og 78% markhópsins sá hana í sjónvarpi a.m.k. þrisvar. Yfir 1.500 færslur voru merktar #fyrirmömmu á Facebook og 2.400 á Snapchat. Fræðslumyndbandið um brjóstakrabbamein var birt um 80.000 notendum á Facebook. Smellt var á „Taktu brjóstaprófið“ í 8.300 skipti í október og nýtt brjóstapreifingarmyndbandband var spilað um 5.000 sinnum á Youtube og krabb.is.

Herferðin hófst með góðgerðardegi Kringlunnar sem haldinn var í fyrsta skiptið og Bleika boðinu sem haldið var í Kringlunni með dyggri aðstoð tónlistarmanna og skemmtikrafta sem gáfu vinnu sína. Málþingið „Er þetta bara ég?“ var haldið um brjóstakrabbamein og fjöldi námskeiða og erinda voru á vegum Ráðgjafarþjónustunnar í tilefni átaksins.

Verkefni 2017

Vefverslun Krabbameinsfélagsins

Mikil söluaukning var í vefverslun félagsins árið 2016 og bendir flest til þess að svo verði áfram. Margir hafa nefnt að þeim þyki vænt að geta styrkt málefni sem þeim er kært með því að versla vandaðar vörur í gegnum félagið.

Mottumars

Mottumars er árlegt átaksverkefni Krabbameinsfélagsins tileinkað baráttunni gegn krabbameinum hjá körlum. Markmið átaksins 2017 var að auka þekkingu á skaðsemi tóbaksnotkunar og hvetja þá karla sem nota tóbak til að hætta. „Þú veist betur“ var yfirskrift herferðarinnar. Með samhentu átaki í fræðslu og forvörnum höfum við Íslendingar náð miklum árangri í fækkun dauðsfalla vegna tóbaksnotkunar. Við getum gert betur því öll tóbaksneysla er skaðleg heilsu og skapar fíkn. Í Mottumars verður dreift fræðsluefni um skaðsemi sígarettar, munntóbaks og rafsígarettar.

Fræðslumyndbönd um sígarettur, munntóbak og rafsígarettur voru framleidd með stuðningi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS, og Lýðheilsusjóðs en SFS var bakhjarl Mottumars þriðja ári í röð. Létt sjálfspróf með fróðleik um tóbak var dreift á Facebook. Um sex þúsund manns tóku prófin og um tuttugu þúsund skoðuð fræðslumyndböndin. 127 þúsund manns sáu auglýsinguna á Facebook, um 700 manns deildu henni. Fræðsluefninu verður dreift sérstaklega til skóla og heilbrigðisstofnana um land allt í framhaldi

átaksins. Einnig hefur verið framleiddur límmiði fyrir fyrirtæki og stofnanir til að afmarka tóbakslaus svæði sem allir geta nálgast endurgjaldslaust hjá Krabbameinsfélaginu.

Hvorki meira né minna en 60 manns skráðu sig til leiks í keppninni „Hættu nú alveg“ sem Krabbameinsfélagið og Reyksíminn stóðu fyrir í tilefni af Mottumars. Keppendur fá aðstoð sérmenntaðra hjúkrunarfræðinga við að hætta að nota tóbak. Þeir sem ennþá verða tóbakslausir eftir 5 vikur geta unnið veglega vinninga auk aðalvinningsins sem er betra og lengra líf.

Dagskrá Mottumars var fjölbreytt að vanda. Mottudagurinn var haldinn hátíðlegur 10. mars þar sem fjöldi vinnustaða skartaði mottum og gerði sér glaðan dag. Tóbaksvarnarþing var haldið 14. mars þar sem fræðimenn fjölluðu um skattlagningu á tóbak, skaðleysi eða skaðsemi rafsígarettu og kostnað þjóðfélagsins af sigarettureykingum.

Innilegar þakkir fyrir stuðninginn

Fyrir hönd Krabbameinsfélagsins vil ég þakka fjölmörgum fyrirtækjum, einstaklingum, félögum, fjölskyldum og vinahópum fyrir ómetanlegan stuðning í öllum verkefnum félagsins. Stuðningur ykkar er okkur hvatning til að gera enn betur.

Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, kynningar- og fjáröflunarstjóri.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins

Þegar einstaklingur greinist með krabbamein á hann að hafa möguleika á að lifa eins góðu lífi og kostur er á meðan að sjúkdómurinn er til staðar og eftir að meðferð lýkur. Einstaklingurinn þarf að hafa aðgang að ráðgjöf, upplýsingum og stuðningi í öllu ferlinu. Þar fyrir utan þarf hann bestu mögulega meðferð við sínum sjúkdómi og góða umönnun á að halda til þess að sem bestur árangur náist og að viðkomandi nái að finna jafnvægi við þær breyttu aðstæður sem skapast við greiningu krabbameins.

Starfsemin

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins býður upp á ráðgjöf, upplýsingar, fræðslu og stuðning fyrir þá sem greinast með krabbamein og aðstandendur þeirra. Margir hafa nýtt sér þessa þjónustu árið 2016 og hefur komum fjölgað á árinu. Tæplega fimm þúsund manns sóttu viðburði þjónustunnar (sjá nánar töflu 1). Viðburðir eru heldur fleiri á árinu og má sjá aukningu á nýtingu þeirra að sama skapi. Með viðburðum er átt við m.a. námskeið, fræðsluerindi, ráðstefnur, heilsuæfingar og jafningjastuðning hjá stuðningshópum félagsins.

Hér verður eingöngu fjallað um þá þjónustu sem veitt er á höfuðborgarsvæðinu en á átta stöðum á landsbyggðinni eru starfandi þjónustuskrifstofur sem einnig eru að sinna þessu hlutverki. Ráðgjafarþjónustan er faglegt bakland við skrifstofurnar og er í samstarfi við starfsfólk þjónustuskrifstofanna.

Hjá Ráðgjafarþjónustunni býðst fólki sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum þeirra að taka þátt í þeim viðburðum sem haldnir eru hverju sinni. Kostur gefst á að sækja sér jafningjastuðning með því að hitta aðra sem takast á við svipaðar aðstæður eða að setjast niður með fagaðila sem er tilbúinn að hlusta og mæta þörfum þeirra, en boðið er upp á stuðning og ráðgjöf í formi einstaklingsviðtala eða hópastarfs. Ráðgjafarþjónustan býður einnig upp á stuðningsviðtöl fyrir þá sem misst hafa ástvin úr krabbameini.

Ráðgjafarþjónustan býður upp á ráðgjöf, stuðning og fræðslu í gegnum símaráðgjöf en fagfólk svarar í símann alla virka daga. Hefur aldrei verið eins mikil aukning á símtölum á milli ára (sjá nánar töflu 1).

Þjónusta Ráðgjafarþjónustunnar er án endurgjalds og er hægt að koma án þess að gera boð á undan sér eða panta tíma. Tólf stuðningshópar starfa á höfuðborgarsvæðinu og eru þeir allir í miklu samstarfi við Ráðgjafarþjónustuna. Í þessum hópum vegur jafningjastuðningurinn mest en einnig er unnið saman að hagsmunamálum fólks með krabbamein og aðstandendum þess. Stuðningshóparnir hafa flestir fasta fundi yfir vetrartímamann. Enn eru margir sem vita ekki af þeirri þjónustu sem veitt er hjá Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins. Mikilvægt er að bæta upplýsingagjöf til almennings og mun árið 2017 verða nýtt til þess en þá fagnar Ráðgjafarþjónustan tíu ára afmæli sínu.

Þjónusta 2012-2016.

	2012	2013	2014	2015	2016
Samskipti við einstaklinga	1.460	1.790	3.866	3.572	4.687
- símtöl		897	1.043	969	1.431
- viðtöl		571	479	477	725
- tölvupóstur		322	2.344	2.126	2.531
Fjöldi viðburða	146	180	210	260	279
Aðsókn á viðburði	3.100	3.700	4.730	4.600	4.780




Fimm starfsmenn starfa í 3,6 stöðugildum í Ráðgjafarþjónustunni. Mikill skortur er á sálfræðiþjónustu fyrir einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra. Til að mæta þörf þessa hóps fyrir sálfræðiþjónustu fór Ráðgjafarþjónustan í samstarf við Kraft, stuðningsfélag ungs fólks með krabbamein og aðstandendur, í ákveðið tilraunaverkefni. Ráðinn var sálfræðingur í 0,3 stöðugildi hjá Krafti til að sinna faglegu umfangi stuðningsnetsins og 0,5 hjá Ráðgjafarþjónustunni tileinkað ráðgjöf og stuðningsþjónustu. Hlutfallið var síðan aukið í 0,7 og hefur þessi viðbót aukið faglega breidd í ráðgjafarteyminu. Önnur stöðugildi eru óbreytt, þ.e. félagsráðgjafi í 0,8 stöðugildi og þrjár hjúkrunarfræðingar í samtals í 2,1 stöðugildi. Þar fyrir utan komu fjölmargir sjálfboðaliðar og verktakar að fræðslu og námskeiðahaldi á árinu.

Námskeið og aðrir viðburðir á árinu

Fjöldmörg námskeið hafa verið í boði á árinu. Fastir liðir í dagskrá þjónustunnar voru tibetskar öndunaræfingar, hópslökun, þrjóna- og bókakaffi og samtal um réttindamál. Önnur námskeið og umræðuhópar voru núvitund, HAM-námskeið, snyrtinámskeið (Gott útlit – betri líðan), HAM við svefnvanda, námskeið fyrir konur með sogæðabjúg á handlegg, skapandi skrif og hópastarf fyrir ekkjur og ekkla sem unnið er samstarfi við Nýja dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð. Einnig hefur Ljónshjarta, stuðningshópur fyrir ungar ekkjur og ekkla, verið með fundi í Ráðgjafarþjónustunni á árinu. Á aðventunni voru rithöfundar fengnir til að lesa upp úr nýjum bókum. Nýjungar á árinu eru, núvitundarnámskeið fyrir ungmenni sem höfðu misst foreldri, einbeitinga- og minnisnámskeið ásamt Yin yoga. Þessi námskeið hafa verið vel sótt og er fyrirhugað að bjóða upp á þau áfram.

Hádegisfyrirlestrar voru sem fyrr haldnir á miðvikudögum einu sinni til tvisvar í mánuði yfir vetrartímenn. Í þeim er leitast við að hafa fræðslu um þau mál sem snúa að heilsu og ýmsum þáttum sem snúa að bættri líðan. Málþing á starfsárinu voru haldin í október undir yfirskriftinni „Er þetta bara ég“ þar sem þemað var síðbúin fylgikvillar eftir krabbameinsmeðferð. Málþingið var haldið í samstarfi við Brjóstaheil - Samhjálp kvenna, Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar.



Fræðsla fyrir heilbrigðisstarfsfólk hefur verið eflað mikið á árinu. Samningur við samtökin EC4H (Effective communication for Healthcare) í Skotlandi gerir okkur kleift að halda námskeið samkvæmt þeirra stöðlum, nýta kennsluáferðir, námsgögn og leiðbeinendaþjálfun. Nú hafa sex leiðbeinendur öðlast réttindi til að leiða námskeiðin. Þetta hefur gert okkur kleift að halda fleiri námskeið en áður og urðu þau átta. Um 80 þátttakendur voru á þessum námskeiðum bæði hjúkrunarfræðingar og læknar. Námskeiðin bera yfirskriftina: Að færa „slæmar“ fréttir. Hafinn er undirbúningur um samstarfssamning við Landspítala og er markmiðið að halda átta til tíu námskeið árlega.

Í september var Virpi Sulosaari sérfræðingur í krabbameinshjúkrun og kennari við Turku University of Applied Sciences í Finnlandi með opinn fyrirlestur um hjúkrun krabbameinssjúklinga þar sem hún fléttaði saman fagþekkingu og eigin reynslu af því að greinast tvívegis með krabbamein. Um var að ræða samvinnuverkefni Háskóla Íslands, Fagdeildar krabbameinshjúkrunarfræðinga og Landspítala.

Í samstarfi við Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga stóð Ráðgjafarþjónustan fyrir greinaskrifum á árinu. Alls birtust átta greinar í Fréttablaðinu sem voru skrifaðar í tengslum við áttak alþjóðakrabbameinsdagsins undir heitinu „Við getum – Ég get“.

Símaráðgjöfin

Símaráðgjöf Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins er opin kl. 13-15 virka daga. Hjúkrunarfræðingur, félagsráðgjafi eða sálfræðingur svara í númerið 800 4040 sem er gjaldfrjálst. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir í gegnum netfangið radgjof@krabb.is. Báðar þessar samskiptaleiðir eru vel nýttar og spannar efni fyrirspurna og samtala vítt svið. Rafrænt skráningarkerfi var tekið í gagnið um áramótin en að baki liggur mikil undirbúningsvinna í þarfagreiningu og þróun þess. Skráningin heldur utan um þá þjónustu sem veitt er af Ráðgjafarþjónustunni. Markmiðið með þessu er samfella í skráningu upplýsinga og að gera hana markvissari ásamt því að fá upplýsingar um samsetningu þess hóps er nýtir þjónustuna. Von okkar er sú að hægt verði að nýta þær upplýsingar í framtíðinni til að bæta þjónustu við þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra. Nú þegar erum við byrjuð að fá áhugaverðar upplýsingar í gegnum skráningarkerfið og verður virkilega spennandi að sjá hvert þessi vinna mun leiða okkur í framhaldinu.

Samstarfsaðilar

Mikið samstarf er við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins. Við erum daglega minnt á hversu jafningja-stuðningurinn er mikilvægur í bland við faglegan stuðning. Ráðgjafarþjónustan var þátttakandi í norrænu þingi sem Brjóstaheill – Samhjálp kvenna hélt í september. Í tengslum við málþingið komu fulltrúar frá DBO, Dansk Brystkræft Organisation, í heimsókn.

Ráðgjafarþjónustan er faglegt bakland fyrir þjónustuskrifstofurnar sem eru átta á landsbyggðinni. Samráðs-fundir voru tveir á árinu þar sem rætt var um samstafið og hvernig hægt er að samnýta krafta og þekkingu í þágu hópsins sem til okkar leitar. Landsbyggðin var heimsótt og voru þjónustuskrifstofur á Akureyri, Selfossi og Akranesi fyrir valinu á þessu ári. Einnig var farið í Skagafjörðinn á formannafund í september en þar var áherslan lögð á þjónustu í nærsamfélagi. Erindi voru síðan í boði hjá Krabbameinsfélagi Breiðfirðinga og Krabbameinsfélaginu á Austfjörðum, Góðum hálsnum, Brjóstaheill – Samhjálp kvenna og Krafti.

Mikilvægt samstarf er við heilbrigðisstarfsfólk Landspítala sem sinnir krabbameinssjúklingum og aðstandendum þeirra. Samstarf við fagfólk spítalans er okkur ómetanlegt og gerir okkur kleift að koma betur til móts við krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Á árinu var gerð breyting á eftirliti við konur sem lokið höfðu meðferð við brjóstakrabbameini. Mikið óryggi skapaðist meðal þessara kvenna og mikilvægt var að bregðast við þessu. Ráðgjafarþjónustan og Brjóstaheill – Samhjálp kvenna fengu lækna og hjúkrunarfræðinga sem veita þessum konum meðferð og eftirlit til að koma og kynna þessa breytingu. Mikilvægt var að heyra hvernig konur voru að upplifa þessar breytingar og það sama átti við um starfsfólk. Í framhaldinu voru haldnir sex fundir þar sem vettvangur var skapaður til að ræða opið um þessar breytingar, upplifanir kvenna og hvernig hægt væri að mæta þeim betur. Framhald verður á þessu á meðan þörf er fyrir hendi.

Erlent samstarf er Ráðgjafarþjónustunni mjög mikilvægt. Formlegt samstarf er m.a. við Evrópsku krabbameinssamtökin (ECL) og góð tengsl eru við Danska krabbameinsfélagið.

Rannsóknir

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins hefur tekið virkan þátt í rannsókn á stöðu barna sem misst hafa foreldri úr krabbameini. Aðrir sem standa að rannsókn þessari eru Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands og Landspítalinn. Nú er komið að lokaáfangi rannsóknarinnar. Úrvinnsla er í gangi og niðurstöður liggja ekki enn fyrir en út frá þeim vísbendingum sem komnar eru var ákveðið að efna til sex mánaða gæða- eða tilraunaverkefnis sem lokahluta rannsóknarverkefnisins. Markmið þess er að svara í reynd ákalli um gæðaþjónustu með skipulegri aðstoð, fræðslu og samtalsmeðferð, bæði fyrir foreldra og börn. Reynist gagnsemi þjónustunnar eins og vænst er gæti hún orðið fyrirmynd að framtíðarskipulagi þjónustu fyrir þennan hóp á Íslandi. Einnig hefur verið boðið upp á röð fyrirlestra í Ráðgjafarþjónustunni í tengslum við þetta verkefni um ýmis málefni barnafjölskyldna sem standa frammi fyrir krabbameini. Undir heitinu „Fjölskyldan og krabbamein“.

Verkefni

Önnur verkefni sem hafa verið í gangi og mun verða lögð áhersla á viðhalda eru eru „Kastað til bata“ sem unnið er í samvinnu við stuðningshópinn Brjóstheill – Samhjálp kvenna og „Karlarnir og kúlurnar“ sem er í samstafi við Kraft, Góða hálsa og Fríska menn.

Sigrún Lillie Magnúsdóttir.

Íbúðirnar á Rauðarárstíg

Átta íbúðir eru til afnota fyrir krabbameinssjúklinga af landsbyggðinni og aðstandendur þeirra, allar að Rauðarárstíg 33. Sex þeirra eru eign Krabbameinsfélags Íslands og Rauða kross Íslands, ein eign félagsins og Hússjóðs Öryrkjabandalagsins og ein eign félagsins. Ráðgjafarþjónustan ber ábyrgð á íbúðum félagsins en Landspítali sér um daglegan rekstur.

Nýting á íbúðunum árið 2016 var góð og hafa komið tímabil þar sem erfitt hefur verið að anna eftirspurn. Töluvert viðhald var á íbúð 306 á árinu og endurnýjaður búnaður að hluta. Allar nettengingar voru endurnýjaðar ásamt húsgögnum í einstaka íbúð. Fengin var verkfræðistofa til að taka út íbúðirnar og áætla kostnað við viðhald. Komið er að töluverðu viðhaldi enda eru íbúðirnar komnar til ára sinna. Verið er að vinna við íbúð 202 þessa dagana.

Úthlutun á íbúðunum fer, eins og áður, fram á geisladeild Landspítala. Kostnaður fyrir leigutaka er frá áramótum 2.150 kr. á sólarhring. Mörg krabbameinsfélög á landsbyggðinni og nokkur stéttarfélög taka þátt í greiðslu kostnaðar við dvöl í íbúðunum.

Krabbavörn í Vestmannaeyjum gaf 500.000 kr. á aðalfundi félagsins í maí 2016 til að nýta í íbúðirnar en þau hafa stutt þetta verkefni dyggilega í gegnum árin. Stuðningurinn er ómetanlegur og kemur sér vel fyrir þann hóp sem nýtir íbúðirnar.

Sigrún Lillie Magnúsdóttir.

Íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga að Rauðarárstíg 33 í Reykjavík.

	<i>Tekin í notkun</i>	<i>Nýting 2012</i>	<i>Nýting 2013</i>	<i>Nýting 2014</i>	<i>Nýting 2015</i>	<i>Nýting 2016</i>
Íbúð 201	16.03.1995	48 vikur	51 vikur	50 vikur	28 vikur	40 vikur
Íbúð 202	16.03.1995	45 vikur	48 vikur	50 vikur	41 vikur	40 vikur
Íbúð 203	06.08.1996	44 vikur	34 vikur	47 vikur	40 vikur	43 vikur
Íbúð 204	03.05.2003	47 vikur	48 vikur	45 vikur	40 vikur	41 vikur
Íbúð 205	11.12.1992	46 vikur	34 vikur	48 vikur	43 vikur	41 vikur
Íbúð 206	27.06.2001	49 vikur	42 vikur	50 vikur	41 vikur	29 vikur
Íbúð 207	17.01.2005	44 vikur	42 vikur	44 vikur	38 vikur	43 vikur
Íbúð 306	03.05.2002	46 vikur	39 vikur	45 vikur	38 vikur	38 vikur
Meðaltal		46 vikur	42 vikur	47 vikur	39 vikur	39 vikur

Nýting eftir landshlutum 2016.

Akureyri og Eyjafjörður	(Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis)	33 sjúklingar
Austfirðir og Austurland	(Krabbameinsf. Austfjarða og Krabbameinsf. Austurlands)	12 sjúklingar
Vestfirðir	(Krabbameinsf. Táknaflj. og Vesturb. og Sigurvon)	12 sjúklingar
Vestmannaeyjar	(Krabbavörn Vestmannaeyjum)	6 sjúklingar
Aðrir landshlutar		11 sjúklingar
Samtals		74 sjúklingar

Krabbameinsskráin

Í Krabbameinsskrá Íslands eru skráðar upplýsingar um öll nýgreind krabbamein hjá þjóðinni í yfir sex áratugi. Hjá Krabbameinsskrá Krabbameinsfélagsins eru jafnframt stundaðar margvíslegar rannsóknir sem byggja á gögnunum. Norrænu krabbameinsskrárnar voru stofnaðar um svipað leyti og eru þær taldar til bestu krabbameinsskráa í heiminu. Krabbameinsskráin er ein fárra lýðgrundaðra skráa sem taka til heilla þjóða. Tölulegar upplýsingar um krabbamein á Íslandi birtast árlega á vefsíðu Krabbameinsskrárinnar (www.krabbameinsskra.is) og í norræna gagnagrunninum NORDCAN (www.ancr.nu).

Skráningin er í samræmi við leiðbeiningar Evrópusamtaka krabbameinsskráa (ENCR). Á undanförunum árum hafa, eins og í öðrum löndum, í vaxandi mæli verið skráðar ítarlegri upplýsingar, einkum forspárþættir, en einnig er hafin skráning á meðferð. Gögn frá Krabbameinsskránni eru notuð til rannsókna á orsökum, útbreiðslu og eðli krabbameina, áhrifaþáttum á horfur sjúklinga og fleiru er varðar hagsmuni krabbameins-sjúklinga. Þau eru einnig notuð til stjórnunar og áætlanagerðar í heilbrigðisþjónustu, gæðaeftirlits og athugana á árangri við meðferð og skimun. Hlutverk skrárinnar er jafnframt að bera Ísland saman við önnur lönd. Margir nýta sér upplýsingar og þjónustu skrárinnar, t.d. Krabbameinsfélagið, heilbrigðisyfirvöld, vísindamenn, heilbrigðisstarfsfólk, nemendur og almenningur.

Framkvæmdastjóri Krabbameinsskrárinnar er Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur og klínískur prófessor. Yfirlæknir er Helgi Birgisson sérfræðingur í skurðlækningum. Annað starfsfólk er Elínborg J. Ólafsdóttir sérfræðingur, Guðrún H. Ólafsdóttir gagnagrunnsstjóri, Hrefna Stefánsdóttir og Kristín Alexíusdóttir sem vinna við skráningu og rannsóknir og Sigrún Stefánsdóttir deildarstjóri skráningar. Stöðugildi við Krabbameinsskrá eru samtals fimm. Einnig vinna þar háskólanemar reglulega að vísindaverkefnum.



Krabbameinsskráin hefur verið rekin af Krabbameinsfélagi Íslands frá upphafi. Síðustu áratugi hefur komið stuðningur frá velferðarráðuneytinu auk þess að hluti af rekstrinum hefur undafarin ár verið fjármagnaður með styrkjum í tengslum við tímabundið sérverkefni. Með lögum um landlækni frá 1. september 2007 fékk Krabbameinsskráin formlega lagastoð, sem ein af þeim heilbrigðisskrám sem landlækni ber að halda. Í kjölfarið gerðu landlæknir og Krabbameinsfélag Íslands með sér samning sem kvað á um að félagið tæki að sér áframhaldandi rekstur skrárinnar í umboði landlæknis.

Breytingar á nýgengi algengustu krabbameinanna milli ára 1956-2015 eru sýndar í töflu 1. Árlegur fjöldi krabbameinsgreininga er nú 1.526 eins og sést í töflu 2. Stöðugt fjölgar þeim sem eru á lífi eftir greiningu krabbameins og í árslok 2015 var fjöldinn tæplega 14 þúsund manns, eða 4,0% þjóðarinnar (tafla 3), en í árslok 1964 var hlutfallið 0,5%. Í töflu 4 sést að fimm ára hlutfallsleg lifun hefur aukist mikið fyrir flest mein. Ánægjulegt er einnig að sjá að um tveir af hverjum þremur sem greinast með krabbamein geta vænst þess að lifa fimm ár eða lengur eftir greiningu og á þetta við um bæði kyn (tafla 4). Tafla 5 sýnir árlegan meðalfjölda þeirra sem deyja úr krabbameinum og þar er lungnakrabbamein algengasta orsökina hjá báðum kynjum. Tafla 6 sýnir breytingar á dánartíðni af völdum krabbameina og ánægjulegt er að sjá að dánartíðnin hefur farið lækkandi frá aldamótum.

Mynd 1 sýnir breytingar á nýgengi og dánartíðni árin 1956-2015 hjá konum og körlum fyrir öll mein saman og mynd 2 sýnir nýgengi og dánartíðni ristil- og endaparmskrabbameins hjá konum og körlum árin 1956-2015. Tölurnar eru aldursstaðlaðar miðað við alþjóðlegan aldursstaðal og eru sýndar sem fimm ára hlaupandi meðaltöl. Upplýsingar um dánarmein eru frá Hagstofu Íslands (til og með 2009) og Embætti landlæknis (2010-2015).

Frá upphafi skráningar var stöðug hækkun á nýgengi krabbameina í heildina séð. Hjá konum hefur nýgengið staðið í stað frá aldamótum og merkja má lækkun á allra síðustu árum. Hjá körlum var nýgengið hæst 2007-2010 en hefur farið lækkandi eftir það. Dánartíðnin var nokkuð stöðug frá upphafi og fram til aldamóta en hefur farið lækkandi síðan, hjá báðum kynjum.

Laufey Tryggvadóttir og Helgi Birgisson.



* Miðað við 100.000, aldursstaðlað (alheimsstaðall), fimm ára hlaupandi meðaltöl.

Tafla 1. Breytingar á nýngengi algengustu meina 1956-2015.

Árlegt aldurstaðlað nýngengi af 100.000 (miðað við alþjóðlegan aldurstaðal).

Karlar	1956 -1960	1961 -1965	1966 -1970	1971 -1975	1976 1980	1981 -1985	1986 -1990	1991 -1995	1996 -2000	2001 -2005	2006 -2010	2011 -2015
Krabbamein í blöðruhálskirtli	15,0	20,0	25,7	31,6	35,3	47,0	61,0	69,8	78,7	93,7	100,0	79,6
Lungnakrabbamein	12,2	13,3	17,6	18,8	26,6	34,6	34,7	34,5	36,7	33,9	34,3	30,1
Krabbamein í þvagvegum*	7,8	6,7	10,3	11,3	18,4	21,1	22,3	22,5	21,0	22,3	22,7	23,3
Ristilkrabbamein	8,3	10,0	10,1	13,7	13,6	18,5	20,1	16,6	23,9	22,2	23,1	21,6
Húðkrabbamein**	3,3	2,2	2,9	3,7	4,2	5,4	5,0	6,9	9,0	10,7	14,4	16,6
Nýrnakrabbamein	7,2	11,3	12,6	9,2	10,7	13,0	11,6	15,4	14,4	14,8	13,6	14,4
Heilaæxli****	8,5	7,8	7,3	10,0	10,0	8,5	11,9	13,0	13,1	12,0	18,3	11,4
Eitilfrumuæxli***	3,3	2,4	4,5	3,0	3,7	6,4	8,1	9,7	10,2	9,8	10,2	10,3
Endaþarmskrabbamein	5,2	6,4	7,4	5,7	8,1	8,1	7,2	5,7	8,8	8,2	9,0	10,0
Krabbamein í brisi	7,0	6,2	8,5	8,7	10,5	10,0	11,0	7,4	8,2	8,5	6,2	7,9
Sortuæxli í húð	0,7	0,6	1,3	1,0	3,1	3,9	3,0	4,4	8,1	12,1	9,2	7,7
Krabbamein í vélinda	7,8	6,7	5,8	3,6	4,1	5,3	4,7	4,9	5,7	5,2	6,7	6,2
Magakrabbamein	70,2	59,7	40,6	40,5	28,7	30,3	22,6	17,4	13,9	10,2	7,4	5,7
Krabbamein í eistum	1,9	2,3	1,6	2,7	4,0	2,9	5,2	6,5	5,3	4,9	6,4	5,6
Langvinnt hvítblæði	5,8	3,4	2,2	4,0	3,7	5,1	3,3	3,5	5,0	5,6	5,6	5,3
Öll mein	198,4	200,8	205,3	211,7	235,3	270,5	284,5	284,2	311,2	321,3	338,2	302,3
Konur	1956 -1960	1961 -1965	1966 -1970	1971 -1975	1976 1980	1981 -1985	1986 -1990	1991 -1995	1996 -2000	2001 -2005	2006 -2010	2011 -2015
Brjóstakrabbamein	35,4	45,8	45,1	53,6	56,3	64,7	78,8	69,6	81,4	84,1	89,9	86,9
Lungnakrabbamein	6,6	5,8	10,7	13,1	20,4	23,9	27,4	33,1	31,2	32,8	33,9	33,6
Ristilkrabbamein	8,4	11,0	15,2	15,1	13,0	13,8	15,1	14,5	15,4	15,0	16,7	16,7
Húðkrabbamein**	1,1	1,3	1,5	2,5	2,7	1,7	5,2	4,2	7,2	10,0	10,8	13,8
Krabbamein í legbol	8,9	10,7	13,8	13,6	12,3	12,5	11,5	14,5	13,4	12,6	10,5	13,7
Heilaæxli****	8,3	5,7	8,4	8,1	9,7	10,9	12,4	14,3	14,3	15,5	16,9	12,4
Sortuæxli í húð	1,9	1,4	4,3	2,7	5,6	5,7	6,4	8,3	15,4	19,5	13,7	11,4
Krabbamein í skjaldkirtli	6,9	8,0	15,3	17,2	14,4	7,9	9,2	11,3	11,0	12,6	9,9	9,9
Nýrnakrabbamein	5,7	6,5	7,6	7,4	6,3	7,7	8,2	8,1	6,7	9,5	6,9	8,5
Leghálskrabbamein	15,9	18,7	26,4	15,8	8,3	15,6	8,7	8,8	9,1	9,8	8,1	8,3
Eitilfrumuæxli***	1,9	2,1	1,5	2,2	3,7	4,0	4,0	5,6	5,7	6,8	7,0	7,9
Endaþarmskrabbamein	5,0	4,9	6,1	6,0	5,6	4,2	7,3	4,9	6,4	6,4	7,0	6,4
Krabbamein í þvagvegum*	3,3	5,3	4,7	6,9	5,0	6,7	7,4	6,0	7,5	6,2	7,6	6,0
Krabbamein í brisi	3,9	5,4	8,7	6,8	5,4	7,4	6,3	6,7	7,6	5,0	5,9	5,9
Krabbamein í eggjastokkum	11,7	13,1	12,8	11,5	13,9	12,6	13,0	13,6	10,3	8,8	7,3	5,9
Öll mein	185,6	202,7	237,1	235,5	227,5	245,7	266,0	269,7	288,1	298,0	296,2	286,8

* Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)

** Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli

*** Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)

**** Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi

Tafla 2. Árlegur meðalfjöldi algengustu krabbameina hjá íslenskum körlum og konum 2011-2015.

Raðað eftir fjölda nýrra tilfella á ári.

<i>Karlar</i>		<i>Konur</i>	
1. Krabbamein í blöðruhálskirtli	208	1. Brjóstakrabbamein	208
2. Lungnakrabbamein	82	2. Lungnakrabbamein	93
3. Krabbamein í þvagvegum*	63	3. Krabbamein í ristli	55
4. Krabbamein í ristli	58	4. Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	49
5. Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	52	5. Krabbamein í legbol	33
6. Nýrnakrabbamein	35	6. Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	28
7. Eitilfrumuæxli**	26	7. Sortuæxli í húð	24
8. Endaþarmskrabbamein	25	9. Nýrnakrabbamein	22
9. Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi ...	24	8. Krabbamein skjaldkirtli	21
10. Krabbamein í brisi	20	10. Eitilfrumuæxli**	21
Öll mein	781	Öll mein	745

* Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.) ** Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)

Tafla 3. Fjöldi einstaklinga á lífi eftir greiningu krabbameins. Algengustu meinin.

Fjöldi á lífi í árslok 2015.

	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Brjóstakrabbamein	30	2.952	2.982
Krabbamein í blöðruhálskirtli	2.186		2.186
Krabbamein í ristli	447	422	869
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli.....	396	431	827
Sortuæxli	278	544	822
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	312	433	745
Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.).....	562	179	741
Krabbamein í skjaldkirtli.....	139	482	621
Lungnakrabbamein	218	301	519
Nýrnakrabbamein	297	205	502
Krabbamein í legbol		453	453
Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli).....	246	202	448
Leghálskrabbamein.....		384	384
Endaþarmskrabbamein	192	175	367
Krabbamein í eggjastokkum		351	351
<i>Breytingar á fjölda á lífi á síðustu 50 árum</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Fjöldi á lífi í árslok 1965	409	632	1.041
Fjöldi á lífi í árslok 1975	844	1.454	2.298
Fjöldi á lífi í árslok 1985	1.585	2.450	4.035
Fjöldi á lífi í árslok 1995	2.599	3.660	6.259
Fjöldi á lífi í árslok 2005	4.069	5.470	9.539
Fjöldi á lífi í árslok 2015	6.161	7.822	13.983

Tafla 4. Fimm ára hlutfallsleg lifun fólks sem hefur greinst með krabbamein.
Nokkur valin mein.

<i>Karlar</i>	<i>1962-1971</i>	<i>1972-1981</i>	<i>1982-1991</i>	<i>1992-2001</i>	<i>2002-2011</i>
Krabbamein í eistum	64%	75%	96%	99%	99%
Hodgkins eitilfrumuæxli	35%	58%	96%	92%	97%
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	73%	82%	100%	93%	93%
Brjóstakrabbamein	36%	34%	100%	88%	92%
Krabbamein í skjaldkirtli	73%	91%	91%	85%	91%
Krabbamein í blöðruhálskirtli	37%	59%	67%	81%	90%
Sortuæxli í húð	40%	51%	81%	83%	88%
Eitilfrumuæxli **	24%	53%	48%	55%	80%
Krabbamein í þvagvegum *	52%	74%	78%	75%	78%
Langvinnt hvítblæði	17%	29%	57%	71%	77%
Endaþarmskrabbamein	35%	34%	53%	58%	75%
Krabbamein í barkakýli	49%	67%	63%	68%	71%
Nýrnakrabbamein	34%	45%	47%	55%	70%
Illkynja æxli í mjúkef, beinum og vöðvum	38%	47%	63%	64%	70%
Magakrabbamein	13%	17%	23%	27%	30%
Lungnakrabbamein	13%	9%	11%	12%	14%
Öll mein	28%	40%	48%	57%	67%
<i>Konur</i>	<i>1962-1971</i>	<i>1972-1981</i>	<i>1982-1991</i>	<i>1992-2001</i>	<i>2002-2011</i>
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	86%	100%	98%	100%	100%
Krabbamein í skjaldkirtli	85%	87%	91%	96%	96%
Sortuæxli í húð	60%	88%	87%	95%	94%
Brjóstakrabbamein	64%	75%	78%	88%	92%
Leghálskrabbamein	57%	70%	77%	80%	88%
Langvinnt hvítblæði	17%	42%	57%	72%	87%
Hodgkins eitilfrumuæxli	37%	62%	85%	77%	87%
Krabbamein í legbol	72%	73%	79%	75%	84%
Krabbamein í barkakýli	84%	53%	79%	78%	81%
Endaþarmskrabbamein	49%	46%	59%	49%	79%
Krabbamein í munnvatnskirtlum	87%	33%	81%	59%	74%
Eitilfrumuæxli **	21%	53%	60%	58%	74%
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	47%	46%	57%	66%	72%
Krabbamein í ristli	32%	52%	55%	54%	68%
Magakrabbamein	16%	20%	30%	38%	35%
Lungnakrabbamein	8%	11%	14%	14%	16%
Öll mein	43%	52%	58%	64%	71%

* Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.) ** Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)

Tafla 5. Árlegur meðalfjöldi íslenskra karla og kvenna sem dóu úr krabbameinum 2011-2015.
 Algengustu meinin.

	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Lungnakrabbamein	64	69	133
Krabbamein í blöðruhálskirtli	51		51
Krabbamein í ristli	26	22	48
Brjóstakrabbamein	1	46	47
Krabbamein í brisi	22	19	41
Öll mein	314	282	596

Tafla 6. Breytingar á dánartíðni úr krabbameinum 1991-2015.
 Árleg aldursstöðluð dánartíðni af 100.000 (miðað við alþjóðlegan aldursstaðal).

	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>
1991-1995	126,9	110,7
1996-2000	141,9	113,5
2001-2005	118,3	96,2
2006-2010	115,8	94,1
2011-2015	105,9	86,7

Leitarstöð Krabbameinsfélagsins

Tafla 1: Leghálsskoðanir 2016 eftir aldurshópum. Fjöldi kvenna.

	<i>Leitarstöð og heilsugæsla</i>	<i>Sérfræðingar og sjúkrastofnanir</i>	<i>Samtals</i>
Yngri en 23 ára	34	92	126
23-24 ára	775	790	1.565
25-29 ár	1.396	1.961	3.357
30-39 ára	2.442	3.552	5.994
40-49 ára	3.332	2.217	5.549
50-65 ára	6.110	1.835	7.945
66 ára og eldri	517	132	649
<i>Fjöldi kvenna alls</i>	<i>14.606</i>	<i>10.579</i>	<i>25.185</i>
<i>– þar af 23-65 ára</i>			<i>24.410</i>

Tafla 2: Leghálsskoðanir 2016 eftir skoðunarstöðum. Fjöldi kvenna.

Leitarstöðin í Reykjavík	10.647
Heilsugæslustöðvar utan höfuðborgarsvæðisins	3.877
Heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu	82
Kvensjúkdómalæknar á stofu	10.335
Sérfræðingar á sjúkrahúsum	244
<i>Fjöldi kvenna alls</i>	<i>25.185</i>

Tafla 3: Mæting 23-65 ára kvenna í leit að leghálskrabbameini, eftir landshlutum, miðað við árslok 2016.

	<i>Mætt síðasta þrjú og hálf ári</i>	<i>Mætt síðustu fimm ári</i>	<i>Mætt síðustu tjú ári</i>
Reykjavíkurborg	66%	76%	85%
Vesturlandshérað	66%	77%	85%
Vestfirðingahérað	73%	77%	82%
Norðurlandshérað vestra	72%	83%	88%
Norðurlandshérað eystra	70%	81%	88%
Austurlandshérað	72%	81%	87%
Suðurlandshérað	68%	80%	83%
Reykjaneshérað	69%	78%	86%
<i>Landið í heild</i>	<i>68%</i>	<i>78%</i>	<i>85%</i>

Tafla 4: Mæting 23-65 ára kvenna í leit að leghálskrabbameini, eftir aldri, miðað við árslok 2016.

	<i>Mætt síðasta þrjú og hálf t ár</i>	<i>Mætt síðustu fimm ár</i>	<i>Mætt síðustu tíu ár</i>
23-24 ára	54%	62%	62%
25-29 ára	65%	75%	79%
30-34 ára	67%	77%	84%
35-39 ára	69%	79%	87%
40-44 ára	72%	82%	89%
45-49 ára	72%	81%	90%
50-54 ára	71%	80%	89%
55-59 ára	68%	78%	87%
60-64 ára	66%	76%	85%
65 ára	68%	77%	86%
<i>Landið í heild</i>	68%	78%	85%

Tafla 5: Ýmsar upplýsingar um leit að brjóstakrabbameini.

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Fjöldi 40-69 ára kvenna sem komu í hópskoðun	15.114	16.015	16.362	16.409	17.048	16.709	15.736
Hlutfall endurinnkallaðra, 40-49 ára	8,2%	7,7%	7,6%	6,7%	4,0%	5,1%	4,5%
Hlutfall endurinnkallaðra, 50-69 ára	4,2%	4,6%	4,2%	3,5%	2,4%	3,3%	3,3%

Tafla 6: Mæting 40-69 ára kvenna í leit að brjóstakrabbameini, eftir aldri, miðað við árslok 2016.

	<i>Mætt síðustu tvö ár</i>	<i>Mætt síðustu þrjú ár</i>	<i>Mætt síðustu fjögur ár</i>
40-44 ára	51%	62%	64%
45-49 ára	54%	67%	73%
50-54 ára	56%	69%	74%
55-59 ára	56%	68%	73%
60-64 ára	57%	68%	73%
65-69 ára	57%	68%	73%
<i>Landið í heild</i>	55%	68%	72%

Tafla 7: Mæting 40-69 ára kvenna í leit að brjóstakrabbameini, eftir landssvæðum, miðað við árslok 2016.

	<i>Mætt síðustu tvö ár</i>	<i>Mætt síðustu þrjú ár</i>	<i>Mætt síðustu fjögur ár</i>
Reykjavíkurborg	51%	64%	68%
Vesturlandshérað	59%	67%	74%
Vestfirðahérað	70%	74%	80%
Norðurlandshérað vestra	72%	77%	81%
Norðurlandshérað eystra	60%	71%	75%
Austurlandshérað	67%	76%	79%
Suðurlandshérað	56%	66%	70%
Reykjaneshérað	56%	68%	73%
<i>Landið í heild</i>	<i>55%</i>	<i>68%</i>	<i>72%</i>

Frumurannsóknastofa

Á frumurannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands eru rannsökuð frumusýni frá leghálsi kvenna. Flest sýnin eru tekin vegna hópleitar að forstigum leghálskrabbameins á vegum Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Einnig berast sýni frá konum sem eru í eftirliti vegna frumubreytinga og sýni tekin á stofu hjá sjálfstætt starfandi kvensjúkdómalæknum, ýmist í hópleit eða vegna einkenna hjá konunum. Starfsmenn frumurannsóknastofunnar voru 9 í árslok, lífeindafræðingar, frumugreinir, líffræðingur og meinafræðingur í samtals 8 stöðugildum. Meinafræðingur og lífeindafræðingur fóru á ECC-þing í Liverpool 2.-5. október. Einnig fór meinafræðingur á fund, sem haldinn var í Finnlandi, um leghálskrabbameinsleit á Norðurlöndum.

Send voru 3.733 sýni til Svíþjóðar vegna vægra forstigsbreytinga (LSIL) eða vegna þess að vægar forstigsbreytingar greindust sex mánuðum áður og 855 sýni 65 ára kvenna voru einnig send í mælingu. Einungis örfá þeirra mælast jákvæð (+) og eru þau skoðuð í smásjá af sænskum kollegum. HPV-mælingar eru gerðar í Svíþjóð.

Fjöldi sýna á frumurannsóknastofunni á árinu 2016 var 25.044. Endurskoðuð eru 10% eðlilegra sýna sem hluti af gæðaeftirliti. Forstigsbreytingar (LSIL og HSIL) greindust í 2.942 sýnum eða tæplega 12%. Af þeim voru 983 Hpv-hááhættuveirujákvæð (+) en slík mæling er eingöngu gerð á LSIL-sýnum og 601 HSIL-sýnum. Áfram var hlutfall ófullnægjandi sýna lágt eða 0,5%. Mælt var með leghálsspeglun og töku vefjasýnis 1.198 sinnum. Í lok apríl 2017 var búið að flokka 904 frumu- og vefjasýni, sjá töflu 2, en 294 eru óflokkuð.

Ingibjörg Guðmundsdóttir og Auður Eiríksdóttir.

Tafla 1: Fjöldi frumusýna frá leghálsi undanfarin fimm ár.

	2012	2013	2014	2015	2016
Heildarfjöldi sýna	33.098	33.268	23.160	23.574	25.044
Hefðbundin frumusýni	19.990	19.610	12.466	466	0
Vökvasýni	13.107	13.658	10.694	23.108	25.044
Hlutfall vökvasýna af öllum sýnum	40%	41%	46%	98%	100%
Forstigsbreytingar	2.361	1.978	1.588	2.505	2.942
Hlutfall af öllum sýnum	7,1%	5,9%	6,9%	10,6%	11,7%

Tafla 2: Samanburður á niðurstöðum úr frumugreiningu og vefjagreiningu árið 2016.

	Vefjagreining			
	Eðlileg sýni, bólgja	Vægar forstigsbreytingar, veirubreytingar	Meiriháttar forstigsbreytingar og ifarandi krabbamein	
<i>Frumugreining</i>				
Endurteknar, vægar forstigsbreytingar	107 (27%)	199 (50%)	89 (23%)	395
Óljósar forstigsbreytingar, meiriháttar breytingar, og ifarandi krabbamein	56 (11%)	135 (27%)	305 (62%)	509

Aðalfundur 2016

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn laugardaginn 14. maí 2016, að Skógarhlíð 8 Reykjavík og hófst kl. 9:00. Mættir voru 49 fundarmenn. Jakob Jóhannsson formaður félagsins setti fundinn og bauð gesti velkomna. Lagði hann til að fundarstjóri yrði Friðrik Vagn Guðjónsson frá Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis og fundarritari Þórunn Sævarsdóttir frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur. Var það samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.

Jakob Jóhannsson, formaður stjórnar Krabbameinsfélags Íslands, flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2015-2016. Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins var formlega stofnaður í desember 2015 með ríflega 250 milljóna króna stofnfé og er reiknað með að fyrsta úthlutun úr sjóðnum verði á árinu 2016. Stjórn sjóðsins getur ráðstafað allt að 10% af höfuðstól hans á hverju ári í rannsóknastyrki auk tekna sjóðsins á liðnu starfsári. Þetta er eitt stærsta átak sem Krabbameinsfélag Íslands hefur ráðist í síðustu ár og er þess vænst að styrkir sjóðsins muni hleypa nýju lífi í krabbameinsrannsóknir hér á landi.

Heilbrigðisráðherra fól Krabbameinsfélagi Íslands að hefja undirbúning að skipulegri leit að krabbameini í ristli og endaparmi hjá aldurshópnum 60-69 ára og er stefnt að því að leit geti hafist í byrjun ársins 2017. Í framtíðinni er markmiðið að leitin nái til aldurshópsins 50-74 ára. Verkefninu fylgdi 25 milljóna króna styrkur frá ráðherra en einnig fékkst veglegur styrkur frá tryggingafélaginu Okkar líf annað árið í röð. Félagið leggur 10-20 milljónir króna til verkefnisins.

Ragnheiður Haraldsdóttir hætti að eigin ósk sem forstjóri í desember 2015 og við tók Kristján Oddsson tímabundið. Ný stjórn mun velja nýjan forstjóra en starfið verður auglýst.

Jakob Jóhannsson hættir nú sem formaður félagsins. Hann ræddi það mikla traust sem félagið nýtur meðal þjóðinnar en í nýrri könnun Miðlunar, þar sem spurt var til hvaða félaga fólk bæri mest traust, var Krabbameinsfélag Ísland númer tvö í röðinni. Krabbameinsforvarnir og stuðningur við krabbameinssjúka er meðal þeirra málefna sem fólk hefur mestan hug á að styrkja. Auður félagsins felst ekki síst í þessu trausti, en því og velvildinni fylgir einnig sú ábyrgð að starfsemin sé bæði fagleg og traust. Félagið er grasrótarfélag og hlúa þarf vel að kjarna þess, þ.e. leit, ráðgjöf, fræðslu og vísindum.

2. Endurskoðaður reikningur félagsins lagður fram til samþykktar.

Sigurður P. Sigmundsson gjaldkeri stjórnar Krabbameinsfélags Íslands lagði fram ársreikninga. Félagið stendur vel fjárhagslega. Ársreikningar voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

3. Kjör í Heiðursráð Krabbameinsfélagsins.

Kristján Sigurðsson, fyrrverandi yfirlæknir Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins til 31 árs, var kjörinn í Heiðursráð Krabbameinsfélagsins á aðalfundi félagsins og sæmdur gullmerki þess. Kristján þakkaði heiðurinn og horfði til baka til þeirra ára sem hann starfaði á Leitarstöðinni. Þar sagði hann bera hæst flutning félagsins í Skógarhlíð en við hann var stórlega bætt aðstaða til leitar að krabbameini í leghálsi og brjóstum.

4. Stjórnarkjör.

Úr stjórn áttu að ganga Jakob Jóhannsson formaður félagsins, Sigurður P. Sigmundsson gjaldkeri og Stefán Eiríksson varaformaður. Tillaga uppstillinganefndar um formann var: Sigrún Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Tillagan var samþykkt einróma. Lagt var til að Elísabet Arna Helgadóttir læknir, Jón Þorkelsson viðskiptafræðingur og Þorsteinn Pálsson lögfræðingur yrðu kosin í stjórn til tveggja ára og var það einróma samþykkt. Einnig tillaga um kosningu Valgerðar Sigurðardóttur læknis í stjórn til eins árs. Fyrir í stjórn voru Árni Einarsson uppeldisfræðingur og Friðrik Vagn Guðjónsson læknir. Tillaga uppstillinganefndar um varamenn í stjórn til eins árs, Guðjón Hauksson hjúkrunarfræðingur og Kristínu Halldórsdóttur lífeindafræðingur, hlaut einnig einróma samþykki.

5. *Kosnir tveir endurskoðendur (skoðunarmenn) og einn til vara.*

Uppstillingarnefnd lagði til kjör endurskoðenda til eins árs. Aðalmenn verði Birna Guðmundsdóttir og Jón Auðunn Jónsson og til vara Ragnheiður Guðmundsdóttir. Tillagan hlaut einróma samþykki.

6. *Kosnir fimm menn í uppstillingarnefnd.*

Nanna Friðriksdóttir, Þóra Hrönn Njálisdóttir og Sigurður Jón Ólafsson gáfu kost á sér áfram og voru þau endurkjörin, Álfheiður Hjaltadóttir og Þórarinn Sveinsson hafa verið í nefndinni í fjögur ár svo að þau er ekki lengur kjörgeng. Í þeirra stað voru kosin Gunnar Már Hauksson, sem lengi sat í stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur, og Iðunn Geirsdóttir, frá Krabbameinsfélagi Austfjarða.

7. *Önnur mál.*

Nýr formaður Sigrún Gunnarsdóttir þakkaði traustið, sagðist hlakka til að takast á við verkefnið en málefnið væri henni bæði kært og mikilvægt. Fundarmenn óskuðu nýjum formanni til hamingju.

Stefán Eiríksson formaður Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins gerði grein fyrir starfi sjóðsins og lagði áherslu á skyldu félagsins til að styðja við rannsóknir á sviði krabbameina. Vísindasjóðurinn er vísir að miklum tækifærum í krabbameinsrannsóknum og mun úthluta ár hvert um 25-50 miljónum króna.

Sigurður P. Sigmundsson hættir í stjórn félagsins eftir sjö ár sem gjaldkeri. Hann óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og sagði stöðu og ímynd félagsins sterka og mikilvægt að vanda val verkefna.

Karólína K. Jósepsdóttir frá Krabbavörn í Vestmannaeyjum sagði frá starfinu þar, en samfélagið í Vestmannaeyjum er samhent og mikið og gott starf unnið þar. Krabbavörn færði félaginu að gjöf 500.000 kr. til að nota við viðhald íbúða félagsins á Rauðarárstíg.

Jakob Jóhannsson fráfarandi formaður þakkaði fyrir samstarfið og óskaði nýjum formanni velfarnaðar.

Sigurður Jón Ólafsson frá Stómasamtökunum spurði hvort eitt sterkt félag væri ekki betra en þrjú félög tengd blöðruhálskirtilskrabbameini. Einnig talaði hann um Ristilfélagið sem hann sagði lítið virkt.

Hafrún Dóra Júlíusdóttir frá Krabbameinsfélagi Hafnarfjarðar sagði frá forvarnarverkefni gegn munntóbaki í grunnskólum Hafnarfjarðar sem hefur skilað sér í minni munntóbaksnotkun hafnfirskra ungmenna borið saman við nágrannasveitarfélögin. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar styrkti verkefnið um 1.000 kr. á hvern nemanda í 8. bekk grunnskóla. Stjórn Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar samþykkti á stjórnarfundi í mars að styrkja Kraft. Skokkhópur Hauka í Hafnafirði hafði gefið félaginu ágóða af Mottumarshlaupi hópsins. Fór sú upphæð öll til Krafts og bætti félagið við upp í 500.000 kr.

Hulda Hjálmarsdóttir frá Krafti þakkaði styrkinn sem rennur í Neyðarsjóð félagsins. Sjóðurinn styrkir ungt fólk sem lendir í fjárhagserfiðleikum vegna kostnaðar sem hlýst af meðferð og lækniþjónustu vegna krabbameins. Hulda sagði einnig frá átaki félagsins til að efla samskipti við heilbrigðisstarfsfólk sem kemur að þjónustu við ungt fólk með krabbamein og miðla upplýsingum um félagið og það sem það stendur fyrir.

Guðlaug B. Guðjónsdóttir frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur sagði frá mismunandi stuðningshópum. Góðir hálsar voru stofnaðir árið 2000 og eru ekki með formlega aðild að Krabbameinsfélagi Íslands, Framför er með formlega aðild en ekki Frískir menn. Þessir hópar eru með misjafnar áherslur. Ristilhópurinn var stofnaður árið 2009.

Jakob Jóhannsson sagði frá því að á síðasta formannafundi hefði verið rætt hvaða kostir þyrftu að prýða næsta forstjóra félagsins. Þeir punktar eru til skráðir og verður þeim komið til viðeigandi aðila. Hann þakkaði einnig samstarfið og sérstaklega Jónasi Ragnarssyni sem hann sagði traustan bakhjarl og ávallt eiga til góð ráð.

Sigríður H. Skúladóttir frá Krabbameinsfélagi Borgarfjarðar þakkaði fráfarandi stjórn vel unnin störf og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar. Hún þakkaði einnig Krabbavörn frá Vestmannaeyjum, fyrir hönd aðildarfélaganna úti á landi, fyrir stuðninginn við íbúðir félagsins sem eru vel nýttar af landsbyggðarfólk sem sækir

sér heilbrigðisþjónustu í Reykjavík. Sigríður sagði Krabbavörn vera mikla og góða fyrirmynd fyrir önnur félög utan af landi.

Kristján Oddsson þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið og óskaði þeim velfarnaðar.

Kristín Halldórsdóttir, nýr varamaður í stjórn, sagðist hlakka til samstarfsins. Hún var starfsmaður félagsins, m.a. þegar það var á Suðurgötunni og tók þátt í flutningnum í Skógarhlíðina.

Sigurður P. Sigmundsson formaður úthlutunarnefndar Velunnarasjóðs sagði frá starfi nefndarinnar og meginlínunum í úthlutuninni.

Sigrún Gunnarsdóttir nýr formaður sleit fundi og kynnti aðalfundarauka á Nauthóli að loknum hádegisverði.

Þórunn Sævarsdóttir.

Formannafundur 2016

Formannafundur Krabbameinsfélagsins var haldinn að Bakkaflöt í Skagafirði laugardaginn 24. september 2016. Yfirskrift fundarins var: *Innra starf aðildarfélaganna og þjónusta í heimabyggð*. Dalla Þórðardóttir formaður Krabbameinsfélags Skagafjarðar bauð gesti velkomna og sagði frá starfi félagsins. Hún tók síðan að sér fundarstjórn og María Reykdal var fundarritari. Þátttakendur voru 24 frá 13 aðildarfélögum.

Sigrún Gunnarsdóttir formaður Krabbameinsfélags Íslands ræddi um það sem var á döfinni hjá félaginu. Bleika slaufan var helsta verkefnið framundan og hún sagði félagið vera að þroskast og þróast. Það eigi mikinn félagsauð og hún var mjög ánægð með starf aðildarfélaganna og óskaði eftir auknum samskiptum við þau.

Inga Margrét Skúladóttir var með fyrirlestur um heilbrigðisþjónustu fyrir krabbameinssjúklinga hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þar er veitt þjónusta fyrir Norðurland og Austurland að hluta. Sjúklingar af þessu svæði fá lyfjagjöf og hitta sinn krabbameinsslækni reglulega. Um 80 sjúklingar eru í lyfjagjöf. Inga Margrét er verkefnastjóri og skipuleggur teymisfundi og úthlutar hverjum sjúklingi hjúkrunarfræðingi. Sjúklingarnir geta alltaf haft samband við hjúkrunarfræðinginn sem er tengiliður þeirra við lækna. Þeir koma að sunnan vikulega og eru tvo daga í senn. Að málum koma einnig félagsráðgjafar og prestur. Góð tengsl eru við Heima-hlynningu og Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis. Inga Margrét sagði þjónustuna vera byggða á þörfum hvers og eins og lagt mikið upp úr því að hafa góð tengsl við fagfólk. Þeir sem koma fara í blóðprufu í heimabyggð á mánudegi og koma svo til Akureyrar á þriðjudegi í lyfjagjöf, ef allt er í lagi. Hjúkrunarfræðingarnir eru mjög mikilvægir tenglar og mikið hringt í þá. Þetta fyrirkomulag mætti yfirfæra á aðra landshluta, jafnvel Landspítala. Nokkrar fyrirspurnir komu sem Inga Margrét svaraði.

Eftir hádegisverð var farið í heimsókn í Kakalaskála og hlýtt á frásögn Sigurðar Hansen um Sturlungu og helstu persónur hennar.

Eftir hádegi var fyrst örkyning á starfi þriggja svæðafélaga.

Sigríður H. Skúladóttir formaður Krabbameinsfélags Borgarfjarðar sagði frá starfi síns félags en helstu áherslur eru fræðsla og forvarnir.

Ólöf Elfa Leifsdóttir varaformaður Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis sagði frá starfi félagsins. Þorbjörg Ingvadóttir og Jóhanna Júlíusdóttir hættu störfum 1. september eftir áratuga ötult starf. Nú er komnir tveir nýir starfsmenn og góð tengsl við sjúkrahúsið. Haldir verða „dömulegir dekur dagar“ í október. Annars er reynt að hafa mánaðarlega einhverja viðburði og stefnt að námskeiði fyrir nýgreinda í vetur og karlahóp á laugardögum.

Anna Borg Harðardóttir formaður Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar sagði frá starfi félagsins. Þau njóta góðs af nálægðinni við Reykjavík og þjónustunni þar. Megináhersla hefur verið lögð á fræðslu og forvarnir um munntóbak, með megináherslu á áttunda bekk. Svo hefur árlega verið farin kvöldganga um skóg með luktir, undir leiðsögn skógfræðings og hefur það mælst vel fyrir, hafa komið 70-80 manns. Félagið á aðild að örráðstefnu í bleika mánuðinum og flaggar bleiku slaufunni fyrir framan ráðhús bæjarins. Mottumars er stærsta fjárflokkur félagsins og það hefur selt fjölnota innkaupapoka í haustsölu aðildarfélaganna og eru þeir mjög vinsælir.

Örkyning á starfi tveggja stuðningshópa

Jón Þorkelsson sagði frá starfsemi Stómasamtaka Íslands. Þau fjármagna starfsemina að miklu leyti með styrkjum frá Krabbameinsfélagi Íslands og Öryrkjabandalaginu. Félagið leggur áherslu á fræðslu og heimsóknarþjónustu fyrir nýliða. Gefið er út fréttabréf fjórum sinnum á ári. Félagið er virkt í erlendu samstarfi. Í Stómasamtökunum eru ungliðahreyfing fyrir 20-40 ára og þar er verið að vinna kynningar-myndband um stóma fyrir ungt fólk. Í smíðum er ný heimasíða.

Hulda Hjálmarsdóttir formaður Krafts sagði frá þeirra starfsemi. Félagið er fyrir fólk á aldrinum 18-40 ára og telur núna um 600 félagsmenn. Þau hafa útbúið gjafapoka sem á stendur „Sigrumst á því saman“. Í honum er bókin Lífskraftur, ýmislegt kynningarefni og gjafabréf. Kraftur afhendir þessa poka ungu fólki með krabbamein í samstarfi við Landspítala. Þar eru viðtals- og viðverutímar einu sinni í viku. Kraftur hefur einnig boðið upp á fría sálfræðipjónustu og er með sálfræðing í 30% stöðu. Þá hefur verið byggt upp net jafningja-stuðnings, svonefnt stuðningsnet. Haldin hafa verið námskeið á Akureyri og Ísafirði. Stofnaður var neyðarsjóður fyrir ungt fólk til að standa straum af læknis- og lyfjakostnaði. Kraftur leggur áherslu á endurhæfingu fyrir ungt fólk, Fítónskraft, þar sem mikið er byggt á útivist. Kraftur stóð fyrir áttakinu „Share our scar“ sem vakti mikla athygli. Nú er verið að hefja Kraftssnapchat.

Starf umræðuhópa

A: Þjónusta í heimabyggð:

1. Gott að hafa alltaf ljóst hvaða þjónusta er í boði og hvar hana er að finna. Fjárhagsstuðningur er nauðsynlegur þáttur þjónustu því alltaf fellur til kostnaður við læknisferðir og heimsóknir sem ekki er greiddur af Sjúkratryggingum eins og gisting og ferðir af flugvelli á gististaði.
2. Gott væri að hafa betri fjarfundarbúnað hjá Krabbameinsfélagi Íslands til að geta boðið uppá fræðslu og fyrirlestra í góðum gæðum í heimabyggð.
3. Hjá aðildarfélögum er líka gott tækifæri til að aðstoða fólk með því að bjóða upp á ókeypis sálfræðipjónustu og viðtöl því sérhæfing heilbrigðisstarfsfólks er oft lítil í minni byggðum.

B: Tengsl Krabbameinsfélags Íslands við aðildarfélögin.

1. Vantar að stytta leiðina á heimasíðu Krabbameinsfélagsins til aðildarfélaga (t.d. tvö „klikk“). Vísa á Ráðgjafarþjónustuna ef ekki næst í viðkomandi félag.
2. Jákvæð samskipti gríðarlega mikilvæg. Vantar fundargerðir frá formannafundi og aðalfundi. Fá senda ársskýrslu ef enginn fulltrúi frá félaginu mætir.
3. Gott að hafa smáhorn á heimasíðu sem væri bara fyrir aðildarfélögin eða lokaða Facebooksíðu. Hugsa um heildina með fundarhöld og sýna virðingu þeim sem lengst þurfa að fara varðandi tímasetningar.
4. Velunnarakerfið, skoða betur.

C: Tækifæri í starfi aðildarfélaganna.

1. Meira samstarf og upplýsingaflæði milli aðildarfélaga, öll félögin ættu að fá sér Facebooksíðu. Ráðgjafarþjónustan sé samhæfingarmiðstöð varðandi upplýsingar.
2. Stuðningsnet Krafts og kynna hvað Ráðgjafarþjónustan stendur fyrir og stuðningshóparnir.
3. Þurfum tulkapjónustu fyrir innflytjendur til að geta veitt viðtöl fyrir fólk sem ekki talar íslensku. Hvernig komum við upplýsingum til þeirra varðandi forvarnir?

María Reykdal.

Aðildarfélög Krabbameinsfélags Íslands

Stofndagur Félagar

Svæðafélög:

1. Krabbameinsfélag Reykjavíkur	8. 3. 1949	1.030
2. Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis	9. 2. 1969	300
3. Krabbameinsfélag Borgarfjarðar	14. 2. 1970	230
4. Krabbameinsfélag Snæfellsness	27. 9. 2005	85
5. Krabbameinsfélag Breiðfirðinga	19. 10. 2005	35
6. Krabbameinsfélag Tálknafjarðar og Vesturbyggðar	30. 11. 1970	75
7. Krabbameinsfélagið Sigurvon	4. 11. 2001	355
8. Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs	13. 10. 1968	70
9. Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu	2. 11. 1968	200
10. Krabbameinsfélag Skagafjarðar	12. 6. 1966	500
11. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis	21. 11. 1952	1.420
12. Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga	28. 8. 1968	400
13. Krabbameinsfélag Norðausturlands	18. 8. 1970	85
14. Krabbameinsfélag Austurlands	20. 4. 1970	155
15. Krabbameinsfélag Austfjarða	21. 4. 1970	530
16. Krabbameinsfélag Suðausturlands	21. 4. 1970	150
17. Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu	6. 5. 1971	30
18. Krabbavörn Vestmannaeyjum	25. 4. 1949	280
19. Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu	7. 5. 1971	100
20. Krabbameinsfélag Árnessýslu	29. 5. 1971	300
21. Krabbameinsfélag Suðurnesja	15. 11. 1953	950
22. Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar	10. 4. 1949	475

Stuðningshópar:

23. Brjóstaheill – Samhjálp kvenna	1979	100
24. Framför	12. 2. 2007	25
25. Kraftur	1. 10. 1999	620
26. Ný rödd	20. 12. 1980	25
27. Ristilfélagið	30. 6. 2009	65
28. Stómasamtök Íslands	16. 10. 1980	300
29. Styrkur	20. 10. 1987	350

9.240

Hópar sem starfa með Krabbameinsfélagi Reykjavíkur (á landsvísu):

Góðir hálsar (stuðningshópur um blöðruhálskirtilskrabbamein)	6. 12. 2000
Stuðningshópur kvenna með krabbamein í kvenlíffærum	27. 2. 2002

Hópar sem starfa með Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins (á landsvísu):

Carcinoid-hópurinn	5. 2. 2013
Frískir menn (virkt eftirlit)	20. 3. 2014
Lungnahópurinn	17. 11. 2011
Perluvinir (mergæxli)	11. 11. 2015

Krabbameinsfélag Reykjavíkur



Stofnað: 8. mars 1949. Félagsmenn: 1.030 (þar af 55 ævifélagar).
Skrifstofa: Skógarhlíð 8, Reykjavík. Póstfang: Pósthólf 5420, 125 Reykjavík.
Sími: 540 1900. Fax: 540 1910. Vefsíða: www.krabb.is/reykjavik
Framkvæmdastjóri: Guðlaug B. Guðjónsdóttir (gbg@krabb.is).

Stjórn kosin á aðalfundi 20. mars 2017:

Formaður: Árni Einarsson, Eiðistorgi 3, 170 Seltjarnarnesi 561 1208 arni@forvarnir.is
Varaformaður: Ásgerður Sverrisdóttir
Gjaldkeri: Jón L. Árnason
Meðstjórnandi: Arnar Hauksson
Meðstjórnandi: Birna Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi: Þorbjörg Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi: Þórunn Sævarsdóttir
Varamenn: Anna Jóhannesdóttir, Atli Már Sveinsson og Skúli Jón Sigurðarsson.

Starfsemi 2016-2017

Stjórnarfundir voru átta milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn.

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Í samstarfssamningi við Krabbameinsfélag Íslands frá mars 2014 er kveðið á um fræðslu- og fagráð sem skuli skipað fimm manns og tveimur til vara. Þrír aðalmenn eru tilnefndir af Krabbameinsfélagi Íslands og tveir frá Krabbameinsfélag Reykjavíkur. Framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur er starfsmaður ráðsins. Ráðið á að marka stefnu í fræðslumálum Krabbameinsfélagsins og leggja fram framkvæmda- og kostnaðar-áætlun, þar sem gerðar eru tillögur um helstu verkefni komandi árs. Krabbameinsfélag Reykjavíkur óskaði eftir endurskoðun á samningi félaganna í febrúar 2015. Formenn félaganna hafa verið með málið í vinnslu.

Útgáfumál

Fræðsluefnið „Blöðruhálskirtilskrabbamein – Leiðbeiningar fyrir karla sem eru nýgreindir með sjúkdóminn“ er frágengið en þetta er breskt yfirgripsmikið efni sem var þýtt og staðfært. Efnið verður fyrst um sinn eingöngu á netinu. Stuðningshóparnir Frískir menn og Góðir hálsar standa að útgáfu efnisins með aðstoð félagsins og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Mikið af veffræðslufni hefur verið unnið í samstarfi Krabbameinsfélags Íslands og Reykjavíkur sérstaklega er snýr að átaksmánuðunum Mottumars og Bleiku slaufunni. Vinna við gerð fræðsluefnis um næringu og krabbamein í samstarfi okkar, Ráðgjafarþjónustunnar og Landspítala er aftur komin í gang. Fræðslurit Krabbameinsfélagsins í nýja forminu eru átta talsins en mörg rit eru til viðbótar eingöngu á vefsíðu Krabbameinsfélagsins.

Fræðslumyndir

Á Degi án tóbaks, 31. maí 2016, var frumsýnd á RÚV heimildamyndin „Bara ég hefði aldrei byrjað“. Í myndinni segja fjórir einstaklingar frá afleiðingum reykinga á líf þeirra. Að gerð myndarinnar stóðu í sameiningu Astma- og ofnæmisfélag Íslands, Hjartaheill, Hjartavernd, Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Samtök lungnasjúklinga. Styrktaraðilar myndarinnar eru ÁTVR, Embætti landlæknis, Nicorette og Pfizer. Páll Kristinn Pálsson kvikmyndagerðarmaður gerði myndina og Karl Andersen hjartalæknir var faglegur ráðgjafi en fleiri sérfræðilæknar og heilbrigðisstarfsfólk komu að vinnunni. Myndin er tileinkuð minningu Birgís Rögnvaldssonar, fyrrverandi formanns Samtaka lungnasjúklinga, sem lést árið 2015. Búið er að dreifa myndinni á samfélagsmiðla eins og Facebook og Youtube.

Tóbaksvarnir og fl.

Á starfsárinu var aðeins eitt reykbindingisnámskeið. Því miður náðist ekki næg þátttaka til að halda námskeið síðastliðið haust. Leiðbeinandi er Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur sem veitir einnig einstaklingsráðgjöf. Ingibjörg svarar fyrirspurnum um tóbaksvarnir sem koma gegnum vefinn og í síma. Einnig hefur hún verið ráðgefandi varðandi efni tengt tóbaksmeðferð. Ingibjörg var með erindi um reykleysismeðferð fyrir læknanema. Nokkur fyrirtæki hafa fengið símaráðgjöf. Félagið hefur boðið aðildarfélagum Krabbameinsfélagsins að aðstoða þau ef þau vilja standa fyrir reykleysisnámskeiðum á sínum félagasvæðum.

Félagið fékk viðbótarstyrk úr Lýðheilsusjóði til að vinna áfram að því að ná til hópa sem af ýmsum félags- og menningarlegum ástæðum hefur gengið illa að ná til með tóbaksvarnir og reykleysisupplýsingar. Ráðgjafarhópur er félaginu innan handar við til að vinna að verkefninu sem við nefnum „Líf án tóbaks“. Hópurinn skipa Jón Steinar Jónsson heilsugæslulæknir, Rósa Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, Karitas Ívardsdóttir ljósmóðir, Þóra Magnea Magnúsdóttir kennari og sérfræðingur í fræðslumálum, Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur og starfsmaður félagsins, auk Árna formanns félagsins og Guðlaugar framkvæmdastjóra. Ráðgjafarhópurinn hefur fundað reglulega og hefur einbeitt sér að ófrískum konum sem reykja. Verkefnið tafðist í haust vegna skipulagsbreytinga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins en nú er verið er að ganga frá framkvæmdaáætlun verksins.

Norrænn fundur félagasamtaka í tóbaksvörnum var haldinn í tvígang á starfsárinu. Fyrst í Kaupmannahöfn í júní sl. og samhliða fundinum var haldið málþing sem danska krabbameinsfélagið bauð til um reyklausa framtíð þar sem fulltrúar norrænu landana kynntu stöðuna í hverju landi fyrir sig. Í janúar sl. komu fulltrúar samtakanna til Íslands á tveggja daga fund sem Krabbameinsfélag Reykjavíkur stóð fyrir. Samstarf þetta hefur verið ákaflega gefandi og í mars sl. var hópurinn með norrænt innlegg á evrópsku tóbaksvarnaráðstefnunni „Tobacco or Health“ sem haldin var í Portúgal. Félagið fékk beiðni frá sænsku fulltrúunum um að aðstoða með upplýsingar og myndefni um „sýnileikabann“ tóbaks, en sænsku tóbaksvarnarsamtökin eru að vinna að því að fá þannig bann inn í tóbaksvarnalögin sín.

Læknafélag Íslands, Embætti landlæknis, Háskóli Íslands og Krabbameinsfélagið stóðu fyrir tóbaksvarnar-málþinginu „Hættu nú alveg“ í Hörpu þann 14. mars sl. Um 80 manns sóttu þingið. Guðlaug var í undirbúningsnefnd þess.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur sendi í febrúar sl. inn umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um tóbaksvarnir. Félagið fagnaði frumvarpinu en hvatti eindregið til þess að breytingar verði gerðar á frumvarpinu þannig að það taki líka á rafsígarettum án nikótíns. Jafnframt hvatti félagið ráðherra til enn frekari aðgerða í þágu tóbaksvarna á Íslandi þannig að Ísland geti tekið næstu skref á því sviði. Guðlaug situr í fagráði landlæknis um tóbaksvarnir.

Í maí stendur til að halda málþing um áfengi, heilsu og samfélag í samvinnu Fræðslu og forvarna (FRÆ), Krabbameinsfélagsins og fl. Fjalla á um tengsl áfengisneyslu við m.a. krabbamein, hjartasjúkdóma og um samfélagsleg áhrif. Árni framkvæmdastjóri FRÆ og formaður félagsins leiðir þessa vinnu.

Hættan er ljós og samnorrænt átak

Þrettán ár eru síðan átaksverkefnið „Hættan er ljós“ hófst en það er samstarfsverkefni Geislavarna ríkisins, Embættis landlæknis, húðlækna og Krabbameinsfélagsins. Stefna hósins er að stuðla að skynsamlegri hegðun landsmanna í sól og að draga enn frekar úr almennri notkun ljósabekkja. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í norrænu samstarfi um varnir gegn húðkrabbameini.

Bleiki mánuðurinn

Í bleika mánuðinum, í október 2016, var aðstoðað við yfirlestur gagna og setnir samráðsfundir og tekið þátt í verkefnum sem tengdust mánuðinum. Í mörg ár hafa Brjóstahreill – Samhjálp kvenna, Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar, Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins staðið saman að bleiku málþingi í október. Á málþinginu að þessu sinni var fjallað sérstaklega um síðkomin einkenni og

síðkomnar afleiðingar eftir meðferð við brjóstakrabbameini. Málþingið var einn fjölmennasti viðburðurinn sem haldinn hefur verið í húsi Krabbameinsfélagsins. Styrktaraðilar málþingsins voru Estée Lauder, Pfizer og Radisson Blu 1919 hótel.

Mottumars

Framkvæmdastjóri hefur setið samráðs- og undirbúningsfundi og aðstoðað með yfirlestur og við að útbúa ýmiss konar fræðslu- og upplýsingagögn um rafsígarettur, munn-, nef og reykstóbak. Markmið átaksins í ár er að auka þekkingu á skaðsemi tóbaksnotkunar og hvetja þá karla sem nota tóbak til að hætta. Í Mottumars var líka efnt til keppni „Hættu nú alveg“, í samstarfi við Reyksímann, meðal þeirra sem vilja hætta að nota tóbak.

Nemendur og skólar

Starfsfólk félagsins aðstoðar nemendur, kennara framhaldsskóla og háskóla og fleiri við heimildaöflun vegna ýmissa skrifa, rannsókna og kennslu sem tengist krabbameini og forvörnum.

SAFF, samstarf félagasamtaka í forvörnum

Samstarf félagasamtaka í forvörnum, SAFF, hefur umsjón með ýmsum verkefnum í forvörnum. Um 25 samtök standa að SAFF. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í stjórn félagsamtakanna. Krabbameinsfélag Reykjavíkur er þátttakandi í „Viku 43“ sem er vettvangur félagasamtaka sem vilja leggja forvörnum lið og/eða hafa forvarnir að markmiði starfs síns, til þess að vekja athygli á forvarnastarfi og áfengis- og vímuefnamálum. Í „Viku 43“ var að þessu sinni yfirskrifin „Rafrettur og unga fólk – verum vakandi“. Félagið er einnig þátttakandi í áttakinu „Verum vakandi“ sem er vakningarátak sömu aðila og standa að Viku 43 og snýr að skaðsemi kannabis undir yfirskriftinni „Bara gras?“.

SAFF hefur í tvígang sent áskorun til alþingismanna þar sem þau mótmælti frumvarpi um að fella úr gildi einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og gefa smásölu áfengis frjálsta upp að ákveðnu marki. Nýlega sendi SAFF umsögn um frumvarpið, sem er að koma fram í þriðja skiptið, þar sem samtökin leggjast alfarið gegn því. Unnið var áfram að greinaskrifum í fjölmiðlum og umræðu á samfélagsmiðlum.

Vefsíðumál og og samfélagsmiðlar

Félsbókarsíða Krabbameinsfélag Reykjavíkur er notuð til koma á framfæri því sem félagið stendur fyrir og til að styrkja stöðu þess. Stjórn félagsins sendi markaðsdeild Krabbameinsfélagsins hugmyndir um betrubætur og athugasemdir varðandi nýlega vefsíðu Krabbameinsfélags Íslands.

Stuðningur við sjúklinga

Tveir stuðningshópar starfa undir verndarvæng Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Annars vegar eru það Góðir hálsar, stuðningshópur um krabbamein í blöðruhálskirtli, og hins vegar Stuðningshópur kvenna með krabbamein í kvenlíffærum (áður krabbamein í eggjastokkum). Hvor hópur um sig hittist reglulega á rabbfundum og fræðslufundum, karlahópurinn fyrsta miðvikudag í mánuði allt árið og kvennahópurinn síðasta miðvikudag í hverjum mánuði á veturna. Hóparnir hafa undanfarin ár haldið sameiginlegan aðventufund þar sem rithöfundar hafa komið og lesið úr bókum sínum og boðið er upp á tónlistar- og skemmtiatriði. Góðir hálsar tóku þátt í verkefninu „Karlarnir og kúlnar“ þar sem hópur karla fékk tækifæri til að æfa golfsveifluna og fræðast um gildi jafningjastuðnings. Verkefnið var unnið í samvinnu við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, Fríska menn og Kraft. Félagar í Góðum hálsnum hafa verið öflugir við að veita stuðning við nýgreinda þegar eftir því hefur verið leitað og tóku þátt í sjónvarpsþætti á Stöð 2 sl. vor um krabbamein í blöðruhálskirtli. Stuðningshópur kvenna með krabbamein í kvenlíffærum hefur að undanfögnu notið aðstoðar og stuðnings Reynis Tómasar Geirssonar sérfræðings í kvensjúkdómum og fyrrverandi prófessors.

Félagið er í góðu samstarfi við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins og aðstoðar þá eftir þörfum, t.d. við gerð fræðsluefnis, ársskýrslna, yfirlestur, við skipulag funda og fleira.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Ristilfélagið og Stómastamtökin héldu áfram að senda út afmæliskortið „Gefðu þér góða afmælisgjöf“, til þeirra sem urðu fimmtugir á árinu 2016, með skilaboðum um mikilvægi þess að gefa sjálfum sér þá gjöf að fara í ristilskoðun. Tilgangurinn var að vekja athygli á ristilkrabbameini og hvetja fólk til að vera vakandi fyrir einkennum og hvetja stjórnvöld til að sem fyrst verði hafin skipuleg leit að sjúkdómnum. Vonbrigði urðu að ekki fékkst heimild til að halda þessu verkefni áfram þar sem m.a. er verið að breyta klínískum leiðbeiningum um ristilskimun. En bæði Ráðgjafarþjónustan og læknar staðfestu að útsending kortanna skilaði árangri, t.d. með auknum fyrirspurnum. Roche-lyfjafyrirtækið, sem er hluti af Icepharma, hefur styrkt gerð og útsendingu afmæliskortanna.

Styrkveitingar

Styrkveitingar félagsins á reikningsárinu voru átján, að fjárhæð rúm ein milljón króna.

Happdrættið

Happdrætti Krabbameinsfélagsins er enn sem fyrr helsta tekjulind Krabbameinsfélags Reykjavíkur og hefur í meira en sextíu ár gert félaginu kleift að sinna fræðslustarfinu. Það má segja að fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir byggist að miklu leyti á happdrættisfé og að happdrættið eigi sinn þátt í þeim mikla árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum síðustu áratugi. Heildarsala happdrættismiða í sumarhappdrættinu var mjög svipuð og árið áður, en sölutölur í jólahappdrætti nokkru lakari. Sala miða í netverslun Krabbameinsfélagsins er góð viðbót. Í samstarfssamningi Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Krabbameinsfélags Íslands er ákvæði um stjórn happdrættis Krabbameinsfélagsins. Í stjórn happdrættisins eru tveir fulltrúar hvors félags þar af báðir gjaldkerar þeirra. Hlutverk stjórnar happdrættisins er að ákvarða hvernig skipting allra tekna happdrættisins verði. Jafnframt að hafa eftirlit með rekstri og reikningsskilum happdrættisins.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð um 1,4 milljón krónur. Það er mikið ánægjuefni að búið er að gera upp lífeyrisskuldbindingar félagsins við hið opinbera. Kostnaður við fræðslustarfsemi félagsins var um 19 milljónir króna. Árið 2016 skilaði happdrættið félaginu um 17,7 milljónum króna í tekjur. Aðrir tekjuliðir eru félagsgjöld og merkjasala, auk vaxtatekna og styrkja.

Samstarf við ýmsa aðila

Krabbameinsfélag Reykjavíkur á afar fjölþætt samstarf við Krabbameinsfélag Íslands og snertifletir félaganna eru fjölmargir. Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn 14. maí 2016. Formannafundur Krabbameinsfélaganna var haldinn 24. september 2016 hjá Krabbameinsfélagi Skagafjarða. Á fundinn fóru Árni formaður og Guðlaug framkvæmdastjóri. Gjaldkeri okkar félags, Jón L. Árnason, er fulltrúi í fjáröflunarráði Krabbameinsfélagsins. Mjög mikilvægt er að það sé virkt til að vinna að því að árekstrar verði ekki í fræðsluátökum og fjársöfnunum aðildarféлага og Krabbameinsfélags Íslands. Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur átt gott samstarf við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, hefur aðstoðað við afleysingar í sumarfrí starfsmanna, við útgáfumál, málþing og ráðstefnur sem Ráðgjafarþjónustan stendur fyrir, og mun áfram styðja starfsemina eftir bestu getu. Mörg verkefni félaganna eru unnin í samvinnu Jónasar Ragnarssonar og okkar. Deildum Krabbameinsfélags Íslands er veitt aðstoð við yfirlestur gagna og með þátttöku í skipulagningu ýmissa verkefna. Einnig hefur Guðlaug aðstoðað við útgáfu ársskýrslu Krabbameinsfélagsins. Félagið hefur átt gott samstarf við aðildarfélag og stuðningshópa Krabbameinsfélagsins, Morgunblaðið, Icepharma, Smáralind, starfsmenn Fræðslu og forvarna (FRÆ) og fleiri. Einnig má minnst á afar gott samstarf við starfsfólk Arion banka og Advania varðandi happdrættið og fleira.

Guðlaug B. Guðjónsdóttir og Árni Einarsson.

Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis



Stofnað: 9. febrúar 1969. Félagsmenn: 300.
Póstfang: Pósthólf 107, 300 Akranesi.
Netfang akranes@krabb.is, vefsíða www.krabb.is/akranes
Skrifstofustjóri: Alma Auðunsdóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 28. apríl 2016:
Formaður: Ólöf Inga Birgisdóttir
Gjaldkeri: Alma Auðunsdóttir
Meðstjórnandi: Auður Finnbogadóttir
Meðstjórnandi: Arndís Halla Jóhannsdóttir
Meðstjórnandi: Jóna Björk Sigurjónsdóttir

894 8835 olofbirgis@gmail.com

Starfsemi 2016-2017

Eins og undanfarin ár var október annasamur og upplífandi. Fyrstu slaufunni var að þessu sinni nælt í baráttukonuna Jensínu Valdimarsdóttir. Um miðjan október 2016 hélt Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis bleika stuðningsgöngu. Gengið var frá stjórnsýsluhúsinu við Stillholt sem leið lá að bleiklýstu Akratorgi. Skemmtidagskrá var á torginu þar sem Steinunn Sigurðardóttir fyrrum hjúkrunarforstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og stjórnarmaður hollvinasamtaka stofnunarinnar hélt stutt ávarp auk þess sem Bergdís Fanney Einarsdóttir flutti tónlistaratriði. Einnig voru dregnir út veglegir happdrættisvinningar sem fyrirtæki á svæðinu létu af hendi rakna.

Jóga-námskeið var haldið að vori og er það alltaf jafn vel sótt. Líkt og áður var það Margrét Bára Jósefsdóttir sem sá um það. Jógað er sívinsælt og er orðinn fastur liður í starfseminni. Jógað fór fram í húsnæði Hver á vorönninni og gekk það vel.

Að öðru leyti hefur starfsárið verið frekar rólegt og vinna okkar í stjórninni farið í að vekja athygli á félaginu í okkar heimabyggð, og hvaða þjónustu við bjóðum upp á. Í lok starfsársins voru útbúnir bæklingar og voru þeir settir í dreifingu hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Ólöf Inga Birgisdóttir.

Krabbameinsfélag Borgarfjarðar



Stofnað: 14. febrúar 1970.
Félagsmenn: Um 230.

Stjórn kosin á aðalfundi 14. nóvember 2017:
Formaður: Sóley Björk Sigurþórsdóttir, Tungulæk, 311, Borgarnesi 691 0192 tungulaekur@internet.is
Ritari: Helga Björg Þorsteinsdóttir
Gjaldkeri: Guðrún Helga Andrésdóttir, Borgarnesi
Meðstjórnandi: Árni Ingvarsson
Meðstjórnandi: Jónmundur G. Hjörleifsson

Starfsemi 2016

Formaður hefur sinnt trúnaðarstörfum og átt gott samstarf og tengsl við Krabbameinsfélag Íslands og Ráðgjafarþjónustuna. Formaður fór í Skagafjörðinn á formannafund í september.

Aðalfundur var haldin í lok nóvember. Gestur fundarins var Elínborg Sturludóttir sóknarprestur í Stafholtsprestakalli sem ræddi við okkur um samskipti. Allgóð mæting var á fundinn og urðu nokkrar mannabreytingar í stjórn.

Eitt aðalmarkmið félagsins er og hefur verið að styðja við bakið á krabbameinssjúklingum á svæðinu og voru veittir styrkir og greitt fyrir húsaleigu til allmarga einstaklinga á árinu.

Fjáröflun félagsins á haustdögum var sala á englastyttum sem gekk þokkalega. Sem endranær á félagið marga velunnara sem láta stórt og smátt af hendi rakna til okkar og er því fjárhagsstaða félagsins vel viðunandi.

Sigríður Helga Skúladóttir.

Krabbameinsfélag Snæfellsness



Stofnað: 27. september 2005.

Félagsmenn: Um 85.

Stuðningshópur: Von. Upplýsingar gefur Margrét Hjálmarsdóttir, sími 864 1767.

Stjórn kosin 28. apríl 2015:

Formaður: Sveinbjörg Eyvindsdóttir, Hellnum, 356 Snæfellsbæ 866 5237 bros88@simnet.is

Ritari: Guðmunda H. Þórðardóttir, Bárðarási 1, Hellissandi

Gjaldkeri: Magnea Sigurbjörg Kristjánsdóttir, Snæfellsnessýslu

Meðstjórnandi: Svanborg Siggeirsdóttir, Stykkishólmi

Meðstjórnandi: Margrét Hjálmarsdóttir, Grundarfirði

Starfsemi 2016-2017

Stuðningshópurinn Von í Grundarfirði hefur eins og undanfarin ár haldið sína mánaðarlegu fundi fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Að venju hefur félagið tekið þátt í dvalarkostnaði vegna lækninga fjarri heimabyggð. Nokkrar beiðnir um aðra fjárstyrki bárust sem hægt var að sinna.

Sveinbjörg Eyvindsdóttir.

Krabbameinsfélag Breiðfirðinga



Stofnað: 19. október 2005.

Félagsmenn: Um 35.

Stjórn kosin á aðalfundi 31. ágúst 2016:

Formaður: Jóna Valgerður Kristjánsd., Mýrartungu 2, 380 Reykh. 893 6396 j.valgerdur@gmail.com

Ritari: Þrúður Kristjánsdóttir, Sunnubraut 19, Búðardal

Gjaldkeri: Ingibjörg Kristjánsdóttir, Garpsdal, Reykhólahreppi

Meðstjórnandi: Indíana S. Ólafsdóttir, Hellisbraut 16, Reykhólum

Meðstjórnandi: Edda Tryggvadóttir, Búðardal

Varamaður: Skjöldur Orri Skjaldarson, Búðardal

Varamaður: Arnar Eysteinnsson, Stórholti, Saurbæ

Starfsemi 2016

Aðalfundurinn var haldinn í Rauðakrosshúsinu í Búðardal. Á aðalfundinn ætlaði að koma Þórður Ingólfsson læknir og flytja erindi um krabbamein og fyrirbyggjandi aðgerðir. Því miður þurfti hann að fara í útkall á sama tíma svo fyrirlesturinn féll niður. Við höldum aðalfundina til skiptis í Reykhólahreppi og Dalabyggð. Við kynnum þar ýmsa fræðslubæklinga og myndbönd sem Krabbameinsfélagið gefur út. Einn stjórnarfundur var haldinn á árinu og nokkrir símafundir. Þrúður Kristjánsdóttir mætti á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands sem haldinn var 14. maí 2016.

Við dreifðum auglýsingu inn á hvert heimili á svæðinu þar sem við kynntum íbúðir fyrir krabbameins-sjúklinga og aðstandendur sem Krabbameinsfélag Íslands á í Reykjavík og jafnframt að við greiðum dvalar-kostnað þeirra sem þar dvelja af okkar félagssvæði þegar þeir þurfa á að halda vegna krabbameinsmeðferðar eða rannsókna í Reykjavík. Greidd var húsaleiga í viku fyrir einn aðila á árinu. Einnig greiðum við fyrir fólk sem þarf að vera á sjúkrahótelum Landspítala.

Við lofuðum 50.000 kr. styrk til hvors grunnskóla á svæðinu til að standa fyrir námskeiði um forvarnir gegn reykingum eða annarri tóbaksnotkun. Af því hefur þó ekki orðið ennþá. Reykhólakirkja var lýst upp með bleiku ljósi í október í fjórða skipti. Þá var einnig Mjólkurstöðin í Búðardal lýst upp með bleikum ljósum og er það í sjötta skipti sem það er gert.

Til fjáröflunar seljum við jólakort, minningarkort, bleiku slaufuna og ýmsan varning við ýmis tækifæri. Minningarkortin eru jafnframt til sölu í Arion banka í Búðardal og einnig hjá stjórnameðlimum. Við seljum vörurnar í Handverkshúsinu Bolla í Búðardal, og í Markaðnum í Króksfjarðarnesi sem Handverksfélagið Assa rekur á sumrin. Á árlegum jólamarkaði í Króksfjarðarnesi í nóvember voru jólakort frá okkur, vörur, og ýmsir jólamunir einnig til sölu. Þá hefur verslunin Hólakaup á Reykhólum selt ýmsa muni fyrir okkur á árinu. Enginn starfsmaður er á launum hjá félaginu. Félagsgjald er 2.000 kr. Eitt kvenfélag er styrktaraðili.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Krabbameinsfélag Tálknafjarðar og Vesturbyggðar

Stofnað: 9. nóvember 2004 (áður Krabbameinsfélag Barðastrandarsýslu, stofnað 30. nóvember 1970).

Félagsmenn: Um 75.

Stjórn:

Formaður: Kolfinna Guðmundsdóttir, Urðargötu 22, 450 Patreksfirði 861 5131 olist@visir.is

Ritari: Þuríður Ingimundardóttir

Gjaldkeri: Jóhanna Gísladóttir

Meðstjórnandi: Birna Kristinsdóttir

Meðstjórnandi: Nína Jóhannesdóttir



Krabbameinsfélagið Sigurvon



Stofnað: 4. nóvember 2001. Kennitala: 470102-4540. Félagsmenn: 355.

Netfang sigurvon@snerpa.is, vefsíður <http://svon.blogspot.com> og

www.facebook.com/KrabbameinsfélagiðSigurvon

Þjónustuskrifstofa: Pollgötu 4, Ísafirði, símar 456 5650 og 849 6560, opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13.

Starfsmaður: Thelma Hjaltadóttir.

Stuðningshópur: Vinir í von

Stjórn kosin á aðalfundi 19. apríl 2016:

Formaður: Þórunn Pálsdóttir, Hafraholti 32, 400 Ísafirði

865 5713 thorunn.pals@gmail.com

Ritari: Sólveig Sigurðardóttir, Ísafirði

Gjaldkeri: Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg, Ísafirði

Meðstjórnandi: Svava B. Þorsteinsdóttir, Ísafirði

Meðstjórnandi: Helena Hrund Jónsdóttir

Varastjórn: Oddný B. Birgisdóttir, Guðfinna Sigurjónsdóttir og Heiðrún Björnsdóttir.

Starfsemi 2016-2017

Mikið var um að vera í starfi Sigurvonar á árinu 2016. Með fyrstu verkefnum var sumargleði sem haldin var á Silfurtorgi með stuðningi ýmissa fyrirtækja á starfsvæði félagsins. Grillaðar voru pylsur og fiskur. Gestum og gangandi boðið til snæðings en einnig var í boði súpa, plokksfiskur og aðrar léttar veitingar. Með þessu vildi félagið gefa til baka til samfélagsins fyrir auðsýndan stuðning og í leiðinni minna á sig. Óhætt er að segja að það hafi borið árangur en hátt í tuttugu nýir félagar skráðu sig hjá Sigurvon við þetta tilefni.

Beinþéttmælir Beinverndar var á Ísafirði um sumarið en hjúkrunarfræðingar, sem einnig sitja í stjórn Krabbameinsfélagsins Sigurvonar, sáu um mælingarnar í sjálfböðavinnu og rann því andvirði þess sem fólk borgaði fyrir mælinguna óskert til Sigurvonar. Hátt í 200 manns létu mæla í sér beinþéttina og söfnuðust um 260.000 kr. Mælingarnar fóru fram á Ísafirði og á Patreksfirði. Áhugi á mælingunum var mikill og þeir sem létu mæla í sér beinin fengu jafnframt góðar ráðleggingar og fræðslu um beinvernd.

Þá var haldið kaffihúsaðkvöld í byrjun adventunnar þar sem m.a. fór fram tónlistarflutningur og happdrætti. Vel var mætt og góð stemming myndaðist. Vonir standa til að um árvissan viðburði verði að ræða. Að öðru leyti var starfið nokkuð hefðbundið. Sem fyrr var stuðningshópurinn Vinir í von með reglulegar samverustundir yfir vetrartímam. Hópurinn hefur notið góðvildar geðræktarmiðstöðvarinnar Vesturafis, sem lætur honum í té aðstöðu að Mánagötu. Þar fyrir utan hefur hópurinn hist af og til á veitingahúsum Ísafjarðar.

Sigurvon tók þátt í að vekja athygli á árveknis- og fjáröflunarátakinu Mottumars og í október var Safnahúsið lýst upp bleikt að vanda sem og fleiri fyrirtæki og stofnanir. Þá flögguðu margir af styrktaraðilum og velunnurum Sigurvonar fána Bleiku slaufunnar til að sýna stuðning sinn í verki. Sigurði Ólafssyni, fyrrum formanni Krabbameinsfélagsins Sigurvonar, var afhent með formlegum hætti bleika slaufan sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf í þágu Sigurvonar. Búi, eins og hann er betur sem þekktur í daglegu tali, lét af störfum fyrir á árinu eftir fimmtán ára formennsku. Þá fór árviss jólakortasala félagsins aðallega fram á Netinu í ár og starfsmaður og stjórnarmenn keyrði kortin úr. Heppnaðist það ágætlega.

Sigurvon naut sem endranær mikillar velvildar úr nærsamfélaginu og styrktu þónokkrir aðilar og fyrirtæki félagið. Er sá stuðningur ómetanlegur enda gerir hann félaginu kleift að styðja fjárhagslega við félagsmenn sína að standa straum af gistikostnaði, sem annars myndi gera róðurinn enn þyngri er hann bætist ofan á læknis- og rannsóknakostnað, auk þess að veita einstaklingum ótilgreinda fjárstyrki sé óskað eftir því. Sem dæmi má nefna að ungmenni úr Menntaskólanum á Ísafirði stóðu fyrir hlaupi til styrktar Sigurvon í þriðja sinn. Þátttakendur gátu valið milli tveggja vegalengda með frjálsum framlögum til stuðnings félaginu okkar.

Thelma Hjaltadóttir.

Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs



Stofnað: 13. október 1968.
Félagsmenn: Um 70.

Stjórn:

Formaður: Geir Karlsson, Spítalastíg 5, 530 Hvammstanga 455 2100 geir.karlsson@hve.is
Ritari: Jóna G. Ármannsdóttir Laxárdal, 500 Stað
Gjaldkeri: Sigurbjörg Geirsdóttir, Búrfelli, 531 Hvammstanga
Meðstjórnandi: Malín Sigurbjörg Karlsdóttir, Melavegi 16, 530 Hvammst.
Meðstjórnandi: Elsche Apel, Neðri-Svertingsstöðum, 531 Hvammstanga

Starfsemi 2016-2017

Tekjur hafa verið af sölu minningarkorta og smávöru, ásamt beinum styrkjum frá félögum og einstaklingum. Annað hvert ár hefur verið haustmarkaður, svonefndur sláturbasar, með landbúnaðarvörur og ýmislegt annað sem einstaklingar gefa, yfirleitt eitthvað sem þeir eru að búa til eða rækta sjálfir.

Veittir voru styrkir til krabbameinssjúklinga, til að standa straum af lækni- og rannsóknakostnaði sem hið opinbera greiðir ekki. Félagið hefur í gengum árin styrkt forvarnarverkefni í skólum og Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga með tækjakaupum.

Geir Karlsson.

Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu



Stofnað: 2. nóvember 1968.
Félagsmenn: Um 240.

Stjórn kosin á aðalfundi 3. maí 2017:

Formaður: Sveinfríður Sigurpálsd., Brekkubyggð 11, 540 Blönduósi 862 4528 sveinfridur@simnet.is
Ritari: Kristín Rós Sigurðardóttir, Austur-Húnavatnssýslu
Gjaldkeri: Jökulrós Grímsdóttir, Skagaströnd
Meðstjórnandi: Margrét Einarsdóttir, Blönduósi
Meðstjórnandi: Viktoría B. Erlendsdóttir, Blönduósi

Starfsemi 2016-2017

Félagið reiðir sig hverju sinni á íbúa í héraðinu með árlegri sölu ýmissa hluta og minningarkorta, auk félagsgjalda. Á hverju ári veitir félagið styrki til fólks til að létta undir með afleiðingum sjúkdómsins. Síðastliðið starfsár voru veittir þónokkrir styrkir, m.a. vegna rannsókna erlendis í svonefndum jáeindaskanna. Einnig var greitt fyrir dvöl í íbúðum að venju. Unnið er að gerð reglna af stjórn um hvernig skuli staðið að styrkveitingum af hálfu félagsins til að auðvelda stjórninni framkvæmd þeirra.

Stuðlað var að því og útvegaðar bleikar filmur til að lýsa upp mannvirki í októbermánuði en það voru kirkjur á Skagaströnd og Bólstaðarhlíðarkirkja, auk Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á Blönduósi. Það átak var okkar framlag til að minna héraðsbúa á krabbamein kvenna og varnir gegn þeim.

Formaður sat aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í maí 2016 og einnig haustfund svæðafélaga sem að þessu sinni var haldinn að Bakkafli Skagafirði. Naut hann góðs af þeirri miklu fræðslu og upplýsingum sem komu þar fram til að efla sitt eigið félag.

Sveinfríður Sigurpálsdóttir.

Krabbameinsfélag Skagafjarðar



Stofnað: 12. júní 1966. Félagsmenn: Um 500.
Þjónustuskrifstofa er á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki.
Starfsmaður: María Reykdal. Símar 453 6030 og 863 6039.
Netfang skagafjordur@krabb.is, vefsíða krabb.is/skagafjordur
Stuðningshópur: Dugur.

Stjórn kosin á aðalfundi 27. apríl 2016:

Formaður: Dalla Þórðardóttir, Miklabæ, 560 Varmahlíð
Varaformaður: Guðmundur Gunnarsson
Ritari: Sara Valdimarsdóttir
Gjaldkeri: Helga Gígja Sigurðardóttir
Meðstjórnandi: Ágústa Eiríksdóttir
Meðstjórnandi: Þorsteinn Þorsteinsson

dalla.thordardottir@kirkjan.is

Starfsemi 2016-2017

María Reykdal hefur verið með viðveru á skrifstofunni þrjá daga í viku og er alltaf með auglýstan síma. Hún hefur verið með stuðningsviðtöl í síma og á stofu og einnig nokkur sálfræðiviðtöl.

Formannafundur ársins 2016 var haldinn á Bakkaflöt í Skagafirði laugardaginn 24. september. Var fundurinn ágætlega sóttur. Aðalrindi á dagskrá flutti Inga Margrét Skúladóttir og fjallaði um heilbrigðisþjónustu við krabbameinssjúka á Akureyri. Þjónustan nær til til Norðurlands vestra og Austfjarða auk Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslna. Þá voru kynningar á starfi þriggja svæðafélaga og stuðningshópa, Stómasamtakanna og Krafts. Farið var í kynnisferð í Kakalaskálann á Kringlumýri og uppbygging starfs þar skoðuð.

Fimmtugsafmæli Krabbameinsfélags Skagafjarðar var haldið hátíðlegt 19. mars 2017. Vegna anna í félagslífi síðla árs 2106 þótti skynsamlegt að bíða með hátíðahöld þar til um hægðist. Stjórn félagsins afreð að bjóða íbúum Skagafjarðar til skemmtunar og kaffisamsætis í Miðgarði til þess að þakka þeim stuðning, framlög og gjafir í áranna rás. Kvenfélög Seyluhrepps og Lýtingsstaðahrepps sáu um veitingar og svignuðu borð undir kræsingum, svo sem vænta mátti. Eftir skemmtunina var stjórn tilkynnt að kvenfélögin legðu fram vinnu og veitingar endurgjaldslaust og er stórhugur þeirra þakkarverður. Hljóðfæraleikur var í höndum Stefáns R. Gíslasonar og Guðrún Helga Jónsdóttir, Íris Olga Lúðvíksdóttir og Gunnar Rögnvaldsson sungu auk Jóns Halls Stefánssonar, sem var leynigestur dagsins. Sigríður Garðarsdóttir í Miðhúsum flutti minningar sínar um kynni af stofnfélögum Krabbameinsfélags Skagafjarðar. Kvenfélag Akrahrepps, Kiwanismenn og Kaupfélag Skagfirðinga færðu félaginu þennan dag höfðinglegar gjafir. Á skemmtuninni fjölgaði félögum í Krabbameinsfélagi Skagafjarðar um rúmlega tuttugu manns og bættust þeir við þá sem gengu í félagið í átaki í haust. Félagar eru nú tæplega 500.

Fyrirtæki, félög og einstaklingar hafa reynst félaginu ötull bakhjarl. Síðasta sumar veitti stjórnin viðtöku 700.000 kr. frá hjónunum Pálma og Ásu í Garðakoti, sem þau gáfu í tilefni af stórafmælum sínum. Kiwanismenn hafa safnað fjármunum og gefið speglunartæki. Fleiri dæmi mætti nefna. Krabbameinsfélag Skagafjarðar er ágætlega stutt fjárhagslega, þökk sé fjáröflun og framlögum.

En þörfin á aðstoð er stöðug, til þeirra sem greinast í fyrsta sinn eða fara í framhaldsmeðferð. Félagið greiðir, sem fyrr, viðtöl hjá sálfræðingi og dvöl fyrir þá sem þurfa að fara til Akureyrar eða Reykjavíkur í langvarandi meðferð. Einnig hefur félagið veitt fjárhagsaðstoð. Framboð á húsnæði fyrir krabbameinssjúka er augljóslega alltof lítið. Starfsmaður félagsins þarf að hringja vítt og breitt í leit að dvalarstað fyrir sjúklinga héðan og stundum fæst ekki rými í íbúðum Krabbameinsfélags Íslands eða á sjúkrahótel. Þarf þá að leita annarra leiða til að finna fólki stað á meðan það er í meðferð. Þetta er mál sem brýnt er að leysa.

Dalla Þórðardóttir.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis



Stofnað: 21. nóvember 1952. Félagsmenn: Um 1.420.

Þjónustuskrifstofa er á Glerárgötu 24, 600 Akureyri.

Opið frá mánudegi til fimmtudags kl. 13-16.

Sími 461 1470. Netfang kaon@simnet.is.

Framkvæmdastjóri: Halldóra Björg Sævarsdóttir.

Stuðningshópur: Norðankraftur.

Stjórn kosin á aðalfundi 28. apríl 2016:

Formaður:	Hlíf Guðmundsdóttir, Illugastöðum, 601 Akureyri	462 2699	hlif@est.is
Varaformaður:	Dóróthea Jónsdóttir, Akureyri		dora@sak.is
Ritari:	Guðbjörg Antonsdóttir, Dalvík		
Gjaldkeri:	Jón Þ. Óskarsson		
Meðstjórnandi:	Anna Ólafsdóttir		
Meðstjórnandi:	Friðrik Vagn Guðjónsson, Akureyri		
Meðstjórnandi:	Hólmfríður Kristjánsdóttir, Akureyri		
Meðstjórnandi:	Lilja Sverrisdóttir		
Meðstjórnandi:	Ólöf Elfa Leifsdóttir		

Starfsemi 2016

Skrifstofan er í leiguhúsnæði að Glerárgötu 24 á Akureyri. Fyrri hluta árs 2016 var skrifstofan opin á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum frá kl. 13:30 til kl. 16:00, auk þess sem boðið var upp á viðtalstíma utan opnunartíma á skrifstofunni. Símatími var þessa sömu daga kl. 10-12. Starfsmenn voru þrír og skiptu á milli sín 90% stöðu. Þorbjörg Ingvadóttir framkvæmdastjóri, Jóhanna Júlíusdóttir hjúkrunarfræðingur og Halldóra Björg Sævarsdóttir textúlkennari, auk þess sem Sigrún Jónsdóttir sjúkraþjálfari starfaði í nánnum tengslum við félagið. Frá og með 1. september 2016 urðu breytingar og er nú opið frá mánudegi til fimmtudags frá kl 13:00-16:00 og símatími er á sama tíma. Þorbjörg Ingvadóttir lét af störfum og Halldóra Björg Sævarsdóttir framhaldsskólakennari tók við framkvæmdastjórastöðunni í 50% starfi. Jóhanna Júlíusdóttir lét af störfum og Katrín Ösp Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur tók við hennar starfi og er í 50% stöðu.

Fundir. Stjórnin hélt átta bókaða stjórnarfundi á árinu 2016. Aðalfundur félagsins var haldinn á Akureyri 28. apríl 2016. Stjórnin lagði fram tillögu um að árgjald til félagsins yrði 3.300 kr. og var það samþykkt. Þær breytingar urðu á stjórn félagsins að Sigríður Jónsdóttir og Klara Arnbjörnsdóttir gengu úr stjórn og Ólöf Elfa Leifsdóttir og Dóróthea Jónsdóttir komu í stjórnina. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis átti tvo fulltrúa á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands í maí 2016 og tvo fulltrúa á formannafundi í Skagafirði í september. Starfsmenn sóttu tvo samráðsfundi starfsmanna svæðaskrifstofa Krabbameinsfélagsins.

Starfsemin. Mjög öflug starfsemi er rekin á vegum og í tengslum við Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis. Skráðar heimsóknir á skrifstofu félagsins á árinu 2016 hafa aukist til muna og eru um 900. Þetta eru að langmestu leyti einstaklingar sem sækja Opið handavinnuhús, slökun, jóga og liðkandi æfingar og koma á „karlahittinginn“, auk fræðslufunda og námskeiða sem haldin eru á vegum félagsins. Í hverri viku sækja um tuttugu manns samveru á Keramikloftinu þannig að þeir sem sóttu fjölbreytta þjónustu á vegum félagsins á síðasta ári voru um 1.500.

Fræðsla, fundir o.fl. Starfsmenn sinna ýmiss konar fræðslu sem tengist forvörnum, stuðningi og kynningu á starfsemi félagsins, fyrir hópa, einstaklinga og heilbrigðisstarfsfólk. Opinn dagur var haldinn í tilefni af Bleika deginum og jólakransagerð var fyrir ungmenni og aðstandendur.

Endurhæfing. Félagið býður bæði krabbameinssjúkum og langveikum upp á ókeypis jóga og slökun alla þriðjudaga í húsnæði félagsins, í samstarfi við Sigrúnu Jónsdóttur sjúkraþjálfara, auk þess að vera með vatnsleikfimi í innilaug Sundlaugar Akureyrar og einstaklingsþjálfun, viðtöl og ráðleggingar.

Opið handavinnuhús er alla fimmtudaga kl. 13-16 og hefur það verið mjög vel sótt. Umsjón hefur Halldóra Björg Sævarsdóttur textílkennari og er boðið upp á samveru þar sem fólk getur komið með handavinnu og spjallað saman yfir kaffibolla. Auk þess sem sérstök fræðsla um valin verkefni hefur verið nokkrum sinnum.

Keramikloftið. Á hverjum miðvikudegi kl. 13-18 hittist fólk á Keramikloftinu. Þar er hægt að vinna með gler, mósaik, keramik o.fl. Þessi samvera hefur gefist vel og hefur verið mjög vel sótt. Félagið hefur stutt við þessa starfsemi með ýmsu móti frá byrjun.

Karlahópur hittist alla laugardaga og spjallar og er með fræðslufundi.

Viðtöl og stuðningur við skjólstaðinga. Skráð viðtöl og símtöl eru um 100.

Stómasamtökin hafa haldið fundi sína í húsnæði félagsins eins og undanfarin ár.

Íbúðir Krabbameinsfélagsins í Reykjavík. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis greiðir nú reikninga fyrir afnot af íbúðum og dvöl á sjúkrahótelum að fullu og er þetta alltaf verulega stór útgjaldaliður hjá félaginu.

Tekjur. Helstu tekjur félagsins, fyrir utan rekstarstyrk frá Krabbameinsfélagi Íslands sem greiðir helming af launum starfsmanna og verkefnisstyrk sem gerir okkur kleift m.a. að halda námskeið fyrir krabbameins-sjúklinga og aðstandendur, eru félagsgjöldin og styrkir sem félaginu bárust frá félagasamtökum og einstaklingum. Sú velvild og sá stuðningur sem allir þessir fjölmörgu aðilar sýna okkur er ómetanlegur og gerir okkur kleift að styðja á margvíslegan hátt við bakið á þeim íbúum á okkar félagssvæði sem greinast með krabbamein og aðstandendum þeirra. Öllum þessum aðilum færum við innilega þakkir. Án þessa stuðnings væri þetta ekki mögulegt.

Húsnæði. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis hefur í mörg ár leigt 110 fermetra húsnæði að Glerárgötu 24. Salurinn rúmar um 25-30 manns í sæti, auk þess sem rýminu er skipt þannig að auðvelt er að eiga notalegt spjall við einstaklinga á fleiri en einum stað.

Samskipti við fjölmiðla. Starfsmenn hafa átt mjög góð samskipti við fjölmiðla á félagssvæðinu og hafa bæði birst viðtöl í dagblöðum og tímaritum, auk þess sem allir starfsmenn hafa komið oftar en einu sinni í sjónvarpsviðtöl vegna ýmissa viðburða sem tengjast starfsemi félagsins eða til þess að vekja athygli á ýmsu sem hefur verið ofarlega á baugi í almennri umræðu í þjóðfélaginu. N4 sjónvarp hefur verið okkur sérlega vinsamlegt með að kynna starfsemi okkar og koma til móts við kostnað vegna auglýsinga t.d. í Sjónvarpsdagskránni. Færum við þeim bestu þakkir fyrir.

Halldóra Björg Sævarsdóttir.

Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga



Stofnað: 22. ágúst 1968.
Félagsmenn: Um 400.

Stjórn 2015:

Formaður: Jóhanna Björnsdóttir, Sólbrekku 7, 640 Húsavík 862 8792 j.bjornsd@gmail.com
Ritari: Halla Lovísa Loftsdóttir, Suður-Þingeyjarsýslu
Gjaldkeri: Edda Björg Sverrisdóttir, Húsavík
Meðstjórnandi: Aðalbjörg Sigurðardóttir, Húsavík
Meðstjórnandi: Gunnlaug María Eiðsdóttir, Húsavík
Meðstjórnandi: Ingigerður Arnljótsdóttir, Suður-Þingeyjarsýslu

Starfsemi 2016-2017

Markmið Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga er að styrkja málefni sem tengjast heilsu og forvörnum gegn krabbameini, ásamt því að styrkja einstaklinga í Suður-Þingeyjarsýslu sem greinst hafa með krabbamein, með ýmsum hætti. Félagið styrkir sjúklinga sem þurfa að dvelja í Reykjavík vegna krabbameinsmeðferðar með greiðslu á leigu íbúða. Félagið stendur fyrir sölu á minningarkortum þar sem ágóði af sölunni fer óskiptur til félagsins.

Starfsemi Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga hefur verið frekar í lágmarki síðastliðið starfsár, en í október stóð félagið fyrir því að hvetja fyrirtæki og stofnanir að lýsa byggingar sínar bleikar. Síðastliðin ár hefur félagið staðið fyrir bleiku boði í október og bláu boði í mars, en þetta starfsárið var boðunum sleppt af ýmsum ástæðum. Stjórnarfundir voru tveir á þessu starfsári.

Jóhanna Björnsdóttir.

Krabbameinsfélag Norðausturlands



Stofnað: 18. ágúst 1970, endurvakið 2. maí 2006.
Félagsmenn: Um 85.

Stjórn kosin á aðalfundi 4. nóvember 2016:

Formaður: María Hermundardóttir, Ekrugötu 4, 670 Kópaskeri maria@kopasker.is
Ritari: Bergdís Jóhannsdóttir
Gjaldkeri: María Sveinsdóttir, Raufarhöfn
Meðstjórnandi: Bjarney Hermundardóttir, Þórshöfn
Meðstjórnandi: Þróstur Sveinsson, Kópaskeri

Starfsemi 2016-2017

Starfsemi félagsins hefur að mestu leyti verið bundin við sölu minningarkorta og merkjasölu á starfssvæði félagsins. Minningarkort Krabbameinsfélagsins er auglýst í auglýsingablaðinu Skegjan, sem dreift er á starfssvæði okkar, þar er vakin athygli á félaginu og bent á Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands.

Aðalfundur félagsins var haldin á Kópaskeri haustið 2016. Stefanía Gísladóttir lét af formennsku þar sem hún flutti til Reykjavíkur.

María Hermundsdóttir.

Krabbameinsfélag Austurlands



Stofnað: 20. apríl 1970.
Félagsmenn: Um 155.

Stjórn kosin á aðalfundi 2017:

Formaður: Björgvin Kristjánsson, Kelduskógum 4, 700 Egilsstöðum 861 7039 bjorgvink@simnet.is
Ritari: Jóna Björg Sveinsdóttir, Borgarfirði eystra
Gjaldkeri: Kristjana Björnsdóttir, Borgarfirði eystra
Meðstjórnandi: Ásdís Sigurjónsdóttir, Egilsstöðum
Meðstjórnandi: Karólína S. Ingvarsdóttir, Egilsstöðum

Starfsemi 2016

Starfssvæði Krabbameinsfélags Austurland er víðfeðmt og nær yfir Vopnafjörð, Borgarfjörð eystra, Seyðisfjörð, Fljótsdalshrepp og Fljótsdalshérað. Helstu verkefni félagsins eru eftirfarandi: Aðstoð við krabbameinsgreinda einstaklinga sem þurfa að ferðast frá heimabyggð og dvelja langdvölum að heiman vegna meðferðar. Félagið tekur þátt í og greiðir fyrir félagsmenn kostnað við húsnæði í íbúðum eða á sjúkrahótelum eftir því sem við á hverju sinni. Kostnaður vegna húsnæðis meðan á krabbameinsmeðferð stendur yfir hefur aukist frá því árið á undan og er nú um það bil 50% af félagsgjöldunum.

Krabbameinsfélag Austurlands hefur nú um tveggja ára skeið rekið þjónustuskrifstofu í samstarfi við Starfsendurhæfingu Austurlands, StarfA, þar sem skjólstæðingum félagsins og aðstandendum býðst að fá afnot af öllum þeim úrræðum sem StarfA hefur að bjóða, þeim að kostnaðarlausu. Í þeim úrræðum má til að mynda nefna slökun, jóga, fyrirlestra um lýðheilsu og margt fleira. Ráðgjafi á vegum félagsins er til viðtals og ráðgjafar á skrifstofunni á þriðjudögum en starfsfólk StarfA aðra daga vikunnar. Kostnaður við þessa starfsemi er langt umfram félagsgjöld og styrk úr velunnarasjóðnum á síðasta ári en hann nam 500.000 kr. Til þess að brúa það bil sem til þurfti var efnt til góðgerðarkvölds í Valaskjálfi 2. apríl 2016. Undirtektir voru mjög góðar. Fjöldi listamanna kom fram að kostnaðarlausu og eigandi Valaskjálfar lagði einnig til húsnæði og léttar veitingar. Segja má að góðgerðarkvöldið hafi komið fjárhag félagsins fyrir vind að þessu sinni.

Félagið hefur eins og undanfarin ár í samvinnu við Krabbameinsfélag Austfjarða tekið þátt í hvíldarhelgi á Eiðum fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Hvíldarhelgin tókst afburðavel og það voru glaðir og ánægðir gestir sem héldu heimleiðis í helgarlok.

Alferð Steinar Rafnsson.

Krabbameinsfélag Austfjarða



Stofnað: 21. apríl 1970. Félagsmenn: Um 530.

Þjónustuskrifstofan að Búðareyri 15 á Reyðarfirði er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13. Sími 474 1530. Netfang kraus@simnet.is
Facebooksíða: Krabbameinsfélag Austfjarða. Vefsíða: krabb.is/austfirðir
Starfmaður: Heiður Hreinsdóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 8. júní 2016:

Formaður: Jóhann Sæberg Helgason, Heiðarvegi 20, 730 Reyðarfirði 840 7212 johann@launaf.is
Ritari: Solveig Friðriksdóttir, Stöðvarfirði
Gjaldkeri: Jórunn Valdimarsdóttir, Reyðarfirði
Meðstjórnandi: Anna Ragnheiður Gunnarsdóttir, Reyðarfirði
Meðstjórnandi: Guðmundur Rafnkell Gíslason, Neskaupstað
Varamenn: Anna Þóra Árnadóttir og Svanbjörg Pálsdóttir

Starfsemi 2016

Aðalfundur var haldinn á Fáskrúðsfirði í júní. Pálína Margeirsdóttir talaði um erfðarannsóknir.

Fjáröflun. Mottumars var notaður til fjáröflunar með hefðbundnum hætti sem og haustsala félagsins í september þar sem tekið var vel á móti sölufólki að vanda. Í október hafði rekstraraðili Sesam brauðhúss samband og vildi vekja athygli á félaginu og styrkja það með því að tileinka ákveðnar vörur Bleiku slaufunni og selja til styrktar félaginu sem var að sjálfsögðu þegið með þökkum. Göngum saman göngur voru haldnar á mæðradaginn á Fáskrúðsfirði og í Neskaupstað og var þátttaka með ágætum á báðum stöðum. Fjöldi einstaklinga og fyrirtækja styrktu félagið með peningagjöfum, sem seint verður þakkað til fullnustu og virkar sem hvatning fyrir okkur að halda áfram okkar góða starfi og gera enn betur. Í haust voru tónleikar með KK sem voru mjög vel sóttir og tókust mjög vel. Tolti kom í nóvember og var með fyrirlestur um núvítund. Fyrirlesturinn var vel sóttur og tókst vel.

Hvíldarhelgin á Eiðum. Í ágúst stóðu Kirkjumiðstöð Austurlands og Krabbameinsfélögin á Austurlandi fyrir hvíldarhelgi á Eiðum fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra. Var þetta einstaklega notaleg helgi þar sem í boði var djúpslökun, stafganga, nudd, bænastundir og kvöldvaka þar sem kirkjukór Fáskrúðsfjarðar kom og söng nokkur lög. Eiðahelgin tókst vel og það var ágætis mæting. Fyrirlesari var Hrönn Grímsdóttir, sem er lýðheilsufræðingur og jógakennari, hún talaði um margt uppbyggilegt eins og jákvæða sálfræði, hreyfingu og að setja sér markmið.

Hvundagsshetjan: Það eru þó nokkur ár síðan ákveðið var að heiðra hvunnagsshetjuna í fyrsta sinn. Þar sem bleikur október var og er árveknimánuður fyrir krabbamein í konum, kom upp sú hugmynd að standa fyrir viðburði í því tilefni. Hvunnagsshetjur 2016 eru Heiðdís Guðmundsdóttir á Stöðvarfirði, Jóna Björg Óskarsdóttir og Sunna Björg Guðnadóttir í Neskaupsstað.

Aðventukvöld. Í desember var aðventukvöld þar sem fólk hittist og átti notalega kvöldstund saman. Elín Einarsdóttir kom og var með jóga og Jórunn Valdimarsdóttir var með hugleiðslu. Þetta kvöld tókst mjög vel.

Styrkveitingar. Sem fyrr hefur félagið styrkt einstaklinga sem hafa fengið afnot af íbúðunum á Rauðarárstíg og gist á Sjúkrahótelinu. Það er dýrt að verða veikur á Íslandi og það sjáum við vel, þess vegna er starf félagsins okkar gríðarlega mikilvægt til að geta létt undir með fólki fjárhagslega í veikindum. Krabbameinsfélag Austfjarða gaf Sjúkrahúsínu á Neskaupstað lyfjadælu og vatnshreinsivél.

Heiður Hreinsdóttir.

Krabbameinsfélag Suðausturlands

Stofnað: 21. apríl 1970 (endurvakið 1. október 2002).

Félagsmenn: Um 150.

Stjórn:

Formaður: Ester Þorvaldsdóttir, Hólabraut 2, 780 Höfn

478 2040 ester@hssa.is

Gjaldkeri: Ólöf Óladóttir, Höfn

Ritari: Eyrún Axelsdóttir, Höfn

Meðstjórnandi: Hjálmar Jens Sigurðsson, Höfn

Meðstjórnandi: Þórhildur G. Kristjánsdóttir, Höfn

Starfsemi 2016-2017

Félagið er með eigin minningarkort og tekur þátt í almenntri vor- og haustfjáröflun á vegum Krabbameinsfélags Íslands og aðildarfélaga.



Föstudaginn 14. október var félagið með kynningu á bleika mánuðinum í verslunarkjarna staðarins. Þar sýndum við myndbönd, deildum út bæklingum með áherslu á brjóstakrabbamein. Allt samfélagið var mjög virkt þennan dag, vinnustaðir, leikskólar og skólar, fólk klæddust bleiku og var duglegt að senda okkur myndir frá deginum. Fræðslukvöld var haldið fimmtudagskvöldið 20. október í Nýheimum. Lára Sigurðardóttir læknir flutti erindi um brjóstakrabbamein og kvenheilsu og tónlistaratriði var í boði Kvennakórs Hornafjarðar. Eftir fyrirlestur Láru var tekin hópmynd af konum í samfélaginu sem hafa greinst með brjóstakrabbamein og fá þær sérstakar þakkir fyrir.

Mottumars 2017 var haldinn hátíðlegur. Kynning var í verslunarkjarna staðarins þar sem sýnd voru myndbönd og karlmönnum afhentur bæklingurinn „Skilaboð til karla“ og þeir hvattir til að vera meðvitaðir um eigin heilsu.

Góð mæting er á fræðslufundi sem félagið stendur fyrir og ávallt vel tekið á móti okkar fólki þegar fjáraflanir eru í gangi. Fyrirtæki og einstaklingar standa einnig þétt við bakið á félaginu með fjárstuðningi og styrkveitingum.

Gott samstarf er á milli Heilbrigðisstofnunar Suðurlands Hornafirði og félagsins með áherslu á forvarnir og fræðslu. Veittir hafa verið styrkir til einstaklinga. Greiðir félagið jafnframt leiguhluta einstaklinga í krabbameinsmeðferð, hvort sem dvalið er í íbúðum Krabbameinsfélagsins eða gist á Sjúkrahótelinu meðferðardagana.

Ester Þorvaldsdóttir.

Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu

Stofnað: 6. maí 1971. Félagsmenn: Um 30.
(endurvakið 22. nóvember 2004 og aftur 5. maí 2009).

Stjórn:

Formaður: Rannveig Bjarnadóttir, Skaftárvöllum 8, 880 Kirkjub.kl. 865 7387 reb@simnet.is

Ritari: Margrét Einarsdóttir, Vestur-Skaftafellssýslu

Gjaldkeri: Sigríður Dórothea Árnadóttir, Vík

Meðstjórnandi: Ingvar Jóhannesson, Vestur-Skaftafellssýslu

Meðstjórnandi: Sigurður Elías Guðmundsson, Vík

Starfsemi 2016-2017

Undanfarin ár hefur ekki verið mikil starfsemi hjá félaginu. Stjórnin hefur þó haldið símafundi. Greitt hefur verið fyrir dvöl í sjúklingaíbúðunum í Reykjavík. Til stendur að halda aðalfund fljótlega og blása nýju lífi í félagið.

Ólöf Árnadóttir.



Krabbavörn Vestmannaeyjum



Stofnað: 25. apríl 1949 (endurvakið 3. maí 1990). Félagsmenn: Um 280.

Skrifstofa félagsins er opin á þriðjudögum kl. 13-15.

Starfsmaður er Guðný Halldórsdóttir. Sími 857 3991. Netfang: krabbavorn@krabb.is

Stjórn kosin á aðalfundi 15. mars 2017:

Formaður: Sigurbjörg K. Óskarsdóttir, Illugagötu 77, 900 Vestm. 481 2042 sigurbjk@sjova.is

Varaformaður: Guðný Halldórsdóttir

Ritari: Ingibjörg Andrea Brynjarsdóttir

Gjaldkeri: Sigríður Gísladóttir

Meðstjórnandi: Hrafnhildur Helgadóttir

Meðstjórnandi: Kristín Valtýsdóttir

Sölufulltrúi: Karólína Kristín Jósefsdóttir

Starfsemin 2016-2017

Ég tók við sem formaður Krabbavarnar haustið 2003 og ætlaði að vera eitt ár en er búin að vera þrettán og hálf ár þegar ég en hætti núna í vor. Þegar ég tók við félaginu var það við að lognast út af en með hjálp góðra kvenna náðum við að hressa það við og rákum það á persónulegum nótum. Fórum heim til fólks og töluðum við það í síma. Tilgangur félagsins er að styrkja og styðja þetta fólk.

Það eru alltaf einhverjir sem þurfa á aðstoð að halda, þess vegna er svo gott að hittast einu sinni í viku nema á sumrin og um jólin, alls 42 sinnum á ári. Síðan við breyttum í kaffihitting hefur aðsóknin aukist.

Í Krabbavörn eru rúmlega 280 félagar sem greiða 2.500 kr. í árgjald. Félagið greiðir sjúklingum 25.000 kr. í styrk fyrir hverja ferð suður og svo greiðum við leigu á íbúðunum við Rauðarárstíg. 250 þús. kr. er jarðarfararstyrkur. Við höfum styrkt 27 einstaklinga á árinu. Þá höfum við gefið 500 þúsund krónur í fimm ár á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands til viðhalds á íbúðunum en þær eru mikið notaðar af okkar fólki.

Áramótargangan er alltaf á gamlársmorgun og endað í súpu hjá Einsa kalda sem hann gefur okkur.

Mars er mánuður karlanna og flöggum við skeggfánunum út um allan bæ til að minna þá á að fara í skoðun.

Karólína Kristín fór fyrir okkar hönd á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í maí 2016. Sjö tinda gangan var um Jónsmessu og mjög góð þátttaka. Haustsalan gekk mjög vel enda mikill munur að hafa sölustjóra. Formannafundur var á Bakkafliót í Skagafirði. Tókum við okkur þrjár saman og keyrðum norður frá Landeyjarhöfn.

Í október var bærinn meira og minna lýstur bleikur. Fánar með bleikri slaufu blöktu víða allir voru tilbúnir að minna á Krabbavörn. Bleikur dagur var á landsvísu 14. október og Einsa kaldi bauð okkur í súpu. Bleikt kvöld var í verslunum bæjarins 27. október og mjög gaman og hluti af sölunni rann til okkar. Þakkarbréf voru send til þeirra sem með einum eða öðrum hætti hafa styrkt okkar starf en við finnum velvilja og góðvild alls staðar.

Gleðin og sorgin eru systur og hafa þær báðar heimsótt okkur. Margir koma með góðar fréttir en svo þurfa aðrir að lúta í lægra haldi fyrir sjúkdómnum illvíga. Krabbavörn stendur vel með sínum félögum.

Ester Ólafsdóttir.

Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu

Stofnað: 7. maí 1971 (endurvakið 15. apríl 1993).
Félagsmenn: Um 100.



Stjórn:

Formaður: Ólöf Árnadóttir, Bolöldu 2, 850 Hellu
Gjaldkeri: Þórdís Ingólfssdóttir, Rangárvallasýslu
Meðstjórnandi: Guðríður Bjarnadóttir, Hellu
Meðstjórnandi: Lilja Einarsdóttir, Hvolsvelli
Meðstjórnandi: Sóley Ástvaldsdóttir, Hvolsvelli

615 4606 olof@hsu.is

Starfsemi 2016-2017

Starfsemin hefur ekki verið mikil síðustu ár. Þó hefur félagið verið að styrkja sjúklinga sem dvalið hafa í íbúðunum í Reykjavík meðan á meðferð standur.

Ólöf Árnadóttir.

Krabbameinsfélag Árnessýslu

Stofnað: 29. maí 1971. Félagsmenn: Um 300.
Þjónustuskrifstofa: Eyrarvegi 23 á Selfossi, opin á fimmtudögum kl. 13-16.
Starfsmaður: Erla Guðlaug Sigurjónsdóttir.
Sími: 788 0300. Netfang: arnessysla@krabb.is
Stuðningshópur: Brosið.



Stjórn kosin á aðalfundi 19. apríl 2017:

Formaður: Svanhildur Ólafsdóttir, Miðengi 18, 800 Selfossi
Ritari: Katrín Stefanía Klemensardóttir
Gjaldkeri: Ingibjörg Jóhannsdóttir
Meðstjórnandi: Eygló Aðalsteinsdóttir
Meðstjórnandi: Halldóra Storá
Meðstjórnandi: Rannveig Bjarnfinnsdóttir
Meðstjórnandi: Sighvatur Eiríksson

892 3171 svanhilduringa@gmail.com

Starfsemi 2016-2017

Félagið tók þátt í Mottumars og gekk sú sala mjög vel. Við fengum til liðs við okkur handboltastelpur hér á svæðinu til að selja. Í tengslum við Mottumars færðum við Kiwanis- og Lions-klúbbunum hér fræðsludisk um blöðruhálskirtilskrabbamein. Í október var kirkjan okkar lýst bleik og þar var haldin bleik messa sem við tókum þátt í. Var boðið uppá súpu og allur ágóði rann til félagsins. Hópur sem við nefnum Brosið kemur saman aðra hvora viku og er mjög góð mæting á það. Við bjóðum upp á ýmiss konar uppkomur og fræðslu og létt spjall og hefur verið mikil ánægja hjá þeim sem koma. Er þetta samstarfsverkefni með Rauða krossinum á staðnum. Við erum enn að dreifa bókinni Bleikur barmur eftir Dórótheu Jónsdóttir. Við erum bjartsýn á nýtt starfsár hjá okkur ætlum að efla starfsemina en meira.

Erla Guðlaug Sigurjónsdóttir.

Krabbameinsfélag Suðurnesja



Stofnað: 15. nóvember 1953. Félagsmenn: 950.

Starfsmaður: Sigríður Ingibjörnsdóttir. Stuðningshópur: Sunnan 5.

Skrifstofan að Smiðjuvöllum 8 er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 12-16.

Stjórn kosinn á aðalfundi 23. mars 2017:

Formaður: Guðmundur Björnsson, Óðinsvöllum 14, 230 Keflavík 662 6989 gudmbj@internet.is

Ritari: Þórunn Benediktsdóttir

Gjaldkeri: Grétar Grétarsson

Meðstjórnandi: Agnar Guðmundsson

Meðstjórnandi: Jón Axelsson

Varamaður: Brynja Aðalbergsdóttir

Varamaður: Ómar Steindórsson

Starfsemi 2016-2017

Starfið hjá félaginu hefur verið með hefðbundnum hætti og gengið vel. Rekstrarformið er í föstum skorðum og hefur líðandi ár verið okkur hagfelld og skilað góðum árangri. Við teljum okkur hafa náð góðum árangri í að kynna félagið og starf þess. Fleiri þekkja félagið og vita fyrir hverju við stöndum. Félagsmönnum hefur fjölgað og fleiri taka þátt í starfi félagsins.

Á undanförunum árum höfum við upplifað meiri áhuga á að styrkja og styðja við rekstur félagsins. Það er ánægjuleg þróun og segir til um að við erum ofarlega í huga margra. Í október sl. fengum við í heimsókn til okkar einstakan velgjörðamann Sigurð Wium Árnason sem kominn var til að gefa félaginu tvær milljónir til minningar um konu sína Auði Bertu Sveinsdóttur og son þeirra Svein Wium sem bæði létust úr krabbameini. Við erum Sigurði einstaklega þakklát fyrir þessa rausnarlegu gjöf.

Á árinu hafa verið veittir styrkir til sjúklinga vegna mikils kostnaðar vegna veikinda sinna. Nýlega færði Krabbameinsfélag Suðurnesja Heilbrigðisstofnun Suðurnesja að gjöf sérúrbúin aðgerðarstól til lyfjagjafa fyrir krabbameinssjúklinga.

Á aðalfundi var ákveðið að hækka árgjaldið úr 2.500 kr. í 3.000 kr. Árgjaldið hafði ekki hækkað í átta ár.

Alla daga sem opið er í þjónustumiðstöðinni mæta einhverjir til að hitta aðra og spjalla. Við höfum gert ýmislegt, unnið handavinnu, búið til skartgripi og pantað af netinu skartgripi til að selja og svo auðvitað sultur sem við seljum. Það hjálpast allir að og þetta er mjög skemmtilegt.

Fljótlega eftir sumarfrí byrjaði undirbúningur fyrir bleikan október. Ákveðið var að Petrína Sigurðardóttir fengi næluna okkar í október og af því tilefni var haldin veisla henni til heiðurs. Fjölmenni var og mikil ánægja með þetta. Fyrstu helgina í október var mætt í Nettó og afraksturinn seldur. Þetta er mjög gaman. Við fengum svokallað „brjóstavesti“ lánað frá Krabbameinsfélaginu en það er vesti með brjóstum sem hægt er að finna hnúta í.

Við höfum farið saman á ráðstefnur og fundi í Reykjavík um krabbameinsmál og á kaffihús eða út að borða, okkur til gamans. Reynt að hald hópnum saman og gera eitthvað skemmtilegt.

Í nóvember var svo fyrirlestur með Ásdísi grasalækni um mat og krabbamein. Hann var vel sóttur. Í vetur höfum við farið með veggspjald í fyrirtæki á Suðurnesjum. Á því voru leiðbeiningar á mörgum tungumálum sem höfðuðu til kvenna um hvert og hvernig þær ættu að komast í krabbameinsleit. Þeim hefur fjölgað sem koma til okkar okkur og mikið hefur verið um fyrirspurnir frá sjúklingum. Starfið hefur gengið vel í vetur.

Sigríður Ingibjörnsdóttir.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar



Stofnað: 10. apríl 1949.

Félagsmenn: Um 475.

Netfang: krabb@isl.is Vefsíða: www.krabb.is/hafnarfjordur

Stjórn kosin á aðalfundi 26. apríl 2017:

Formaður: Anna Borg Harðardóttir, Skipalóni 18, 220 Hafnarfirði 664 5851 annaborg@hafnarfjordur.is

Varaformaður: Hafrún Dóra Júlíusdóttir

Ritari: Una Björk Harðardóttir

Gjaldkeri: Jón Auðunn Jónsson

Meðstjórnandi: Ása Karin Hólm

Meðstjórnandi: Gunnar Þór Jónsson

Meðstjórnandi: Hafdís Sigursteinsdóttir

Meðstjórnandi: Magnús Gunnarsson

Starfsemi 2016-2017

Á síðasta starfsári voru haldnir þrjár stjórnarfundir á milli aðalfunda. Fundirnir voru haldnir í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu.

Helstu verkefni félagsins á liðnu starfsári voru: Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands, fjáröflun í byrjun september, formannafundur aðildarfélaganna, skógarganga, bleiki mánuðurinn, bleika þingið, vinna við forvarnarverkefni gegn munntóbaki í grunnskólum Hafnarfjarðar, fjárhagsstuðningur við ákveðin verkefni (Kraftur) og mottumars.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn laugardaginn 14. maí 2016 í Skógarhlíð 8 og var hann með hefðbundnu sniði.

Við tókum þátt í fjáröflun til rekstursins ásamt aðildarfélagum Krabbameinsfélags Íslands í haustsölunni 2. og 3. september 2016. Við seldum fjölnota innkaupapoka og má segja að Hafnfirðingar hafi tekið vel á móti okkur, við náðum að selja 300 poka á stuttum tíma. Salan fór fram í Fjarðarkaupum og þökkum við eigendum þess fyrir aðstöðuna.

Formannafundur aðildarféлага Krabbameinsfélags Íslands var haldinn að þessu sinni á Bakkafli í Skagafirði, laugardaginn 24. september 2016.

Kvöldganga í Höfðaskógi við Hvaleyrarvatn var farin þriðjudaginn 4. október 2016 á vegum Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar og Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Félagar úr Krabbameinsfélaginu og aðrir áhugasamir, fjölmenntu í gönguna sem hófst við Gróðrastöðina Þöll, til að njóta skógarins í skjóli myrkurs og ganga saman í ævintýraljóma lukta. Gengið var um skóginn undir leiðsögn Steinars Björgvinssonar skógræðings. Eftir gönguna var boðið upp á heitt súkkulaði og meðlæti í húsakynnum Þallar. Gangan tókst einstaklega vel og fjölmenntu félagar og velunnarar félagsins í gönguna.

Í bleika mánuðinum stóðu Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar, Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Brjóstaheill-Samhjálp kvenna og Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins fyrir sameiginlegu málþingi með áherslu á brjóstakrabbamein kvenna. Yfirskrift þingsins var: Er þetta bara ég? Síðkomnar afleiðingar meðferðar. Þingið var haldið 24. október 2016 hjá Krabbameinsfélaginu í Skógarhlíð. Þingið var mjög vel sótt.

Að venju fór Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar í samstarf við bæjarstjóra og starfsmenn Hafnarfjarðarkirkju til að minna bæjarbúa á mikilvægi bleika mánaðarins. Fáni með bleiku slaufunni blakti út mánuðinn á fánastöng Ráðhússins og Hafnarfjarðarkirkjan var böðuð í bleiku ljósi. Einnig lýsti framkvæmdarsvið Hafnarfjarðar upp Lækinn í október.

Forvarnarfræðslan fór fram í janúar 2017 og gekk mjög vel að sögn skólastjóra grunnskóla Hafnarfjarðar. Að venju tók Jón Ragnar Jónsson, tónlistarmaður með meiru, að sér þessa fræðslu og heillaði börnin upp úr skónum með sinni skemmtilegu framsögn um þó alvarlegt mál. Hafnarfjarðarbær styrkir verkefnið með verkefnisstjóra, Geir Bjarnasyni, íþróttá- og tómstundarfulltrúa, og 1.000 kr. fyrir hvert barn eða samtals 300.000 þúsund kr.

Í mars hófst fjáröflunarátakið „Karlar og krabbamein – Mottumars“ á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Hafnarfjarðarfélagið hvatti stofnanir og þjónustu til að gera sér dagamun og minna á átakið gegn karla-krabbameini. Ekki var tekið þátt í sölu á mottumarsvörum að þessu sinni.

Félagsgjöld Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar fyrir árið 2016-2017 var 1.200 kr. fyrir almenna félagsmenn og 12.000 kr. fyrir styrktarféлага og fyrirtæki.

Minningarkort félagsins eru seld á nokkrum stöðum hér í bænum og gefur það félaginu nokkrar tekjur. Þau er einnig hægt að fá á netinu hjá Krabbameinsfélagi Íslands.

Stjórnarfundir og aðalfundur félagsins voru haldnir í aðstöðu Hafnarfjarðarkirkju og þakkar stjórn félagsins starfsmönnum kirkjunnar fyrir góða samvinnu og velvild í garð félagsins.

Tilgangur Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar hefur frá upphafi verið sá að styðja við baráttuna gegn krabbameini, m.a. með fræðslu um krabbamein og krabbameinsvarnir, með styrkveitingu til ákveðinna verkefna og með stuðningi við krabbameinssjúklinga. Gildi forvarna er mjög mikilvægt t.d. varðandi munntóbaks- og tóbaksvarnir, við mætingar til krabbameinsleitar, mataræði og hreyfingar svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru atriði sem við þurfum sífellt að vera að minna á. Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar vill leggja sitt af mörkum til að hvetja fólk til að ástunda heilbrigða lífshætti og gerir það með því að vera sýnilegt í bæjarfélaginu og minna á þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni í þágu samfélagsins. Það er mikilvægt að missa ekki sjónar af tilgangi félagsins og þá sérstaklega því sem snýr að forvörnum.

Anna Borg Harðardóttir.

Brjóstaheill – Samhjálp kvenna



Fullt nafn: Brjóstaheill – Samhjálp kvenna, til stuðnings konum sem greinast með brjóstakrabbamein. Stofnár: 1979 (sem formlegt félag sjálfboðaliða 2001).

Formlegir félagsmenn eru um 50 en um 100 fá fundarboð.

Netfang: samhjalp@krabb.is, [vefsíða krabb.is/samhjalp](http://vefsida.krabb.is/samhjalp), stuðningssími 898 1712.

Stjórn kosin á aðalfundi í febrúar 2017:

Formaður: Brynja Björk Gunnarsdóttir, Klapparbergi 2, Reykjavík 894 7740 brynjagu@landspitali.is

Varaformaður: Anna Sigríður Arnardóttir

Ritari: Dóra Júlíussen

Gjaldkeri: Thelma Hólm Másdóttir

Meðstjórnandi: Heiða Birgisdóttir

Meðstjórnandi: Hildur Baldursdóttir

Meðstjórnandi: Hrefna Ingólfsdóttir

Starfsemi 2016-2017

Málþing um brjóstakrabbamein. Bleika málþingið um konur og krabbamein var haldið í október á vegum Brjóstaheilla – Samhjálp kvenna, Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Þema málþingsins var „Síðbúnar afleiðingar krabbameinsmeðferðar“.

Kastað til bata. Samhjálp kvenna og Krabbameinsfélagið hafa unnið sameiginlega að verkefninu „Kastað til bata“ og nú er verið að undirbúa það í sjöunda sinn. Í maí bauðst 14 konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein að fara í laxveiði í Laxá í Dölum undir stjórn þrautreyndra veiðimanna sem leiðbeina konunum við veiðina. Einnig voru með í för konur frá Brjóstaheill – Samhjálp kvenna hópnum til stuðnings. Þessar ferðir hafa tekist með eindæmum vel og hafa konurnar haldið hópinn og stutt hver aðra áfram.

Erlent samstarf. Brjóstaheill – Samhjálp kvenna er aðili að Europa Donna og starfar með samtökunum. Við eigum einnig gott samstarf við norrænu brjóstakrabbameinssamtökin. Mikinn hluta ársins 2016 var unnið að undirbúning norrænnar ráðstefnu sem haldin var hér á landi 16.-18. september. Ráðstefnuna sóttu um 150 konur frá öllum norrænu löndunum. Tvö meginþemu voru til umfjöllunar, „Að lifa með BRCA 1 og BRCA 2 stökkbreytingu“ og „Lífið eftir krabbameinsgreiningu“. Fyrirlesarar voru bæði erlendir og innlendir. Mikil ánægja var með ráðstefnuna. Hægt er að nálgast dagskrá og fyrirlestra á www.brjostaheill.is

Á haustmánuðum 2016 héldum við reglulega ræðufundi, ásamt Ráðgjafarþjónustunni, um ýmis málefni sem hafa verið í brennidepli. Hafa þeir verið ágætlega sóttir.

Aðalfundur. Á aðalfundinum í febrúar 2017 gengu Ingveldur Geirsdóttir og Guðrún Sigurjónsdóttir úr stjórn en Guðrún mun áfram starfa með okkur sem bakhjarl.

Brynja Björk Gunnarsdóttir.

Framför

Stofndagur: 12. febrúar 2007. Félagsmenn: Um 25.

Vefsíða framfor.is

Stjórn:

Formaður: Guðmundur Örn Jóhannsson

Gjaldkeri: Hinrik Greipsson

Meðstjórnandi: Einar Benediktsson

Meðstjórnandi: Jón G. Ingvason

862 0537 framfor@framfor.is

892 3355 hinrik.greipsson@slr.stjr.is





Fullt nafn: Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.

Stofndagur: 1. október 1999. Félagsmenn: Um 620.

Sími 866 9600. Netfang kraftur@kraftur.org, vefsíða www.kraftur.org

Stjórn Krafts, kosin á aðalfundi 25. apríl 2017:

Formaður: Ástrós Rut Sigurðardóttir

Varaformaður: Kristín Þórsdóttir

Ritari: Ösp Jónsdóttir

Gjaldkeri: Bóel Hjarta

Meðstjórnandi: Jónatan Jónatansson

Varamenn: Aðalheiður Þorgeirsdóttir, Berglind Jónsdóttir

Starfsemi 2016-2017

Stjórn og starfsmenn. Á aðalfundi í apríl 2017 gaf Hulda Hjálmarsdóttir ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Fjórir einstaklingar gáfu kost á sér til stjórnarsetu. Haldnir voru alls tólf stjórnarfundir á starfsárinu. Núverandi starfsmenn Krafts eru þær Ragnheiður Davíðsdóttir, sem starfar sem verkefnastjóri í 50% starfi, Hulda Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri í 100% starfi og Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur í 30% starfi. Auk þeirra starfar Atli Már Sveinsson, þjálfari og umsjónarmaður Fítónskrafts, sem verktaki.

Stuðningsnetið o.fl. Þorri Snæbjörnsson sálfræðingur félagsins, heldur utan um Stuðningsnet Krafts. Frá því hann tók við starfi hafa 19 beidnir borist um jafningjastuðning og fimm nýir stuðningsfulltrúar hafa bæst í hóp stuðningsnetsins. Haldið var námskeið fyrir nýja stuðningsfulltrúa hér í Reykjavík í október og til stendur að halda annað námskeið nú á vordögum. Sálfræðingur félagsins veitti 33 einstaklingum samtals 58 sálfræðiviðtöl frá miðjum ágúst. Samstarfið við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins um að samnýta starfskrafta sálfræðings hefur gengið vonum framár og nýst mjög vel. Sem stendur starfar sálfræðingur í 30% starfi hjá Krafti og 70% starfi hjá Krabbameinsfélagi Íslands. Sálfræðingur hélt endurmenntunarnámskeið í mars á þessu ári og mættu átta manns. Kraftur hefur verið með viðtalsíma á göngudeild krabbameinslækninga einu sinni í viku auk þess sem nýgreindir fá poka frá Krafti með nauðsynlegum upplýsingum.

Heimasíða og samfélagsmiðlar. Ný heimasíða Krafts var tekin í notkun undir lok síðasta árs. Það er Vefgerðin sem á allan heidurinn af hönnun hennar og uppsetningu. Meðal nýjunga þar má nefna vefverslun Krafts þar sem hægt er að kaupa varning merktan félaginu. Nú er hægt að kaupa þar perluarmböndin okkar, boli, taupoka og bækur. Einnig er hægt að styrkja félagið í gegnum heimasíðuna, annað hvort með stökum styrkjum eða skrá sig sem mánaðarlegan styrktaraðila. Þá er Kraftur með nokkra virka Facebook-hópa. Má þar nefna Fítónskraft, Stjórn Krafts, Stuðningsnet Krafts, Ungliðahópin og síðan hóp fyrir félagsmenn Krafts. Á árinu voru stofnaðir umræðuhópar á Facebook fyrir unga krabbameinsgreinda og annan hóp fyrir aðstandendur. Kraftur byrjaði á því í upphafi þessa árs að tilnefna einn félagsmann sem Kraftsmann eða Kraftskonu mánaðarins. Þetta hefur reynst afar vel og eru um 2.000 fylgjendur sem hafa bæst inn á snapchat til að fylgjast með lífi ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og/eða aðstandendum. Kraftur er einnig með Facebook síðu, Instagram síðu og Twitter síðu. Flesta fylgjendur hefur félagið á Facebook eða um 7.000 fylgjendur.

Útgáfustarfsemi. Krafts-blaðið hefur nú verið sett í rafrænt form inn á timarit.is en auk þess eru öll tölublöðin aðgengileg á heimasíðunni í gegnum Issuu. Árið 2016 kom aðeins út eitt tölublað af Kraftsblaðinu. Blaðið var sent til allra félagsmanna, á allar heilsugæslustöðvar og helstu læknastofur ásamt að því var dreift á allar deildir Landspítala. Í nóvember var gefið út jólakort með fræðslu- og upplýsingaívafi sem sent var á alla félagsmenn. Um er að ræða áttblöðung í brotinu A5 þar sem fram komu örfréttir af starfseminni auk jólakveðju frá stjórn og starfsfólki.

Viðburðir o.fl. Sumargrill var í Hljómskálagarðinum 23. júní. Reykjavíkumaraþonið var haldið í lok ágúst og um 90 hlauparar hlupu fyrir Kraft og söfnuðust áheit upp á 1,2 millj. kr. Aðventukvöld Krafts var haldið 1. desember. Kraftsfélögum bauðst ein hvíldarhelgi í Bergheimum, glæsilegu húsi Bergmáls, síðasta haust. Tuttugu einstaklingar mættu og áttu yndislega helgi saman þar sem var spilað, borðað, hvílst og spjallað. Árið 2015 var bryddað upp á þeirri nýjung að halda sérstök kaffihúsakvöld á kaffihúsinu Stofunni. Þangað hefur ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur mætt og rætt málin á óformlegan hátt og einnig til að kynna öðrum í sömu sporum. Kaffihúsakvöldin eru fyrsta hvern miðvikudag mánaðarins og eru auglýst á vefsíðu og Facebook-síðu Krafts. Tekið var á móti nemendum í tveimur vísindaferðum á árinu fyrir háskólanema sem koma til með að starfa að málefnum krabbameinssjúkra eftir að þeir útskrifast. Tekið var á móti hjúkrunarfræðinimum í október 2016 og nemendum í sjúkrahjálfun í apríl á þessu ári.

Neyðarsjóður Krafts úthlutaði tvisvar á síðasta starfsári. Átta einstaklingur sóttu um í haustúthlutun 2016 og átta í vorúthlutun 2017. Enn á eftir að úthluta styrkjum fyrir vorúthlutun. Allir umsækjendur uppfylltu kröfur sjóðsins og var haustúthlutun samtals 2,3 millj. kr. Næsta úthlutun verður í maí 2017, er stjórn sjóðsins að fara yfir umsóknir.

Lífið er núna – Það þarf Kraft til að takast á við krabbamein. Kraftur stóð fyrir átaki undir þessu slagorði. Undirbúningur hófst í haust þegar stjórn Krafts samþykkti að boða til vitundarvakningar um ungt fólk og krabbamein og safna um leið mánaðarlegum styrktaraðilum til þess að styrkja fjárhagslegar stoðir félagsins. Auglýsingastofan Hvíta húsið var fengin til að hanna myndræna útfærslu átaksins og var ákveðið að fá sex þjóðþekkt einstaklinga til að „bera skallann“ þ.e. til að sitja fyrir á mynd sem síðan var unnin þannig að fyrirseturnar voru gerðar sköllóttar. Leitað var til Sögu Garðarsdóttur leikkonu, Jóns Jónssonar söngvara, Þorvaldar Davíðs Kristjánssonar leikara, Björgvins Páls Gústavssonar landsliðsmarkmanns, Annie Mistar Þórisdóttur crossfitkonu og Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur sjónvarpskonu. Útbúnaður voru sjónvarps- og útvarpsauglýsingar auk þess sem myndirnar voru birtar í dagblöðum, vefmiðlum, strætisvagnaskýlum og umhverfisskiltum. Allar báru myndirnar yfirskriftina „Lífið er núna – Það þarf Kraft til að takast á við krabbamein“. Átakið hófst formlega með tónleikum á KEX 11. janúar 2017 þar sem fram komu MC Gauti, Hildur, Hjálmar og Emiliana Torriani. Húsfyllir var og mikil ánægja með tónleikana auk þess sem mikil sala var á armböndunum. Hvíta húsið gaf Krafti alla vinnu við átakið, nánast allir fjölmiðlar birtu myndirnar án endurgjalds, módelin gáfu vinnu sína og allir listamennirnir sem komu fram á tónleikunum. Landsbankinn styrkti árákið með 500 þús. kr. framlagi en alls þurfti Kraftur að leggja út 455 þús. kr. vegna þessa átaks, sem verður að teljast vel sloppið miðað við umfangið.

Perlað með Krafti. Í tengslum við átakið var hafin sala á perluarmböndum sem öll eru unnin af sjálfboðaliðum fyrir Kraft. Armböndin eru litrík og bera áletrunina „Lífið er núna“. Um miðjan desember var opið hús í húsi Krabbameinsfélagsins þar sem fjöldi manns mætti til að perla armböndin. Sá lager seldist nær alveg upp á tónleikakvöldinu. Aftur var auglýst opið hús fyrir sjálfboðaliða og nú á KEX og fylltist allt út úr dyrum. Perluarmböndin voru síðan sett í sölu á vefverslun Krafts og hafa fengið afar góðar viðtökur. Efnit hefur verið til fjölda „perludaga“, ýmist í húsakynnum Krabbameinsfélagsins eða annars staðar.

Fjármál og styrkir. Mikil áhersla er lögð á ábyrga fjármálastjórn og ráðdeild í rekstri. Kraftur byggir afkomu sína eingöngu á fjárlsum framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Helstu kostnaðarliðir Krafts eru laun og launatengd gjöld fyrir starfsmenn sína þrjá og rekstur sálfræðipjónustu, stuðningsnetsins og FítónsKrafts. Krabbameinsfélag Íslands hefur frá upphafi styrkt Kraft með endurgjaldslausum afnotum af skrifstofu og fundaraðstöðu, auk annarrar fyrirgreiðslu af ýmsum toga. Það er ómetanlegur stuðningur og færir Kraftur Krabbameinsfélaginu þakkir fyrir hann. Kraftur hefur fengið nokkra stóra styrki á starfsárinu. Hæst ber styrkur frá Hrossarækt og góðgerðarfélaginu Aurora að upphæð 3,5 millj. kr., sem runnu í Neyðarsjóð Krafts. Krabbameinsfélag Íslands styrkti auk þess Neyðarsjóðinn um eina millj. kr. Þá fékk félagið einnar millj. kr. styrk frá Lýðheilsusjóði, Skeljungur styrkti félagið um eina mill. kr., Isníc um 500 þús. kr., Landsbankinn um 500 þús. kr. og velferðarráðuneytið um 2,2 millj. kr.. Þá fékk Kraftur 2,7 millj. kr. frá Aðföngum sem hluta af sölu Himneskt línunnar. Í gegnum Reykjavíkumaraþonið fékk Kraftur 1,2 millj. kr. Flensborgarskóli efndi til hlaups og gaf Krafti ágóðann, samtals 580 þús. kr., Lionsklúbburinn Fjörgyn styrkti Kraft 100 þús. kr., Kristinn Björn Tryggvason afhenti félaginu 553 þús. kr. sem hann safnaði einn síns liðs í Fjarðarkaupum og

Norðlingaholtsskóli hélt sérstakan góðgerðardag fyrir Kraft þar sem ágóðinn var 650 þús. kr. Þá styrkti Atlantsóla Kraft um 300 þús. kr. Sýrlenskir flóttamenn hér á landi efndu til góðgerðarkvöldverðar til styrktar félaginu og söfnuðust þar 200 þús. kr. Fjölmargir fleiri styrktu félagið með minni upphæðum. Fjárhagur Krafts tók miklum breytingum til hins betra á meðan á áttunni „Lífið er núna“ stóð og í kjölfarið hafa sjóðir okkar stækkað og dafnað. Salan á jólakonfektinu gekk afar vel og við lauslega athugun má ætla að ágóðinn hafi verið um 1,5 millj. kr. Þá hafa armböndin selst betur en nokkur átti von á og nú hafa selst rúmlega 3.600 armbönd. Mánaðarlegir styrktaraðilar eru nú 194 en betur má ef duga skal og er ætlunin að safna enn fleirum innan tíðar. Þá hefur Apótekarinn, sem er í eigu Lyfja og heilsu, ákveðið að styrkja Kraft um 500 þús. kr. á mánuði í formi lyfjakaupa til félagsmanna Krafts. Lilja Katrín Gunnarsdóttir, sem rekur blogg síðuna Blaka, hélt bókunarmaræðun í september þar sem hún bakaði í heilan sólahring og söfnuðust 550 þús. kr. sem runnu óskiptar til Krafts. Fjárhagur Krafts er afar sterkur um þessar mundir, enda veitir ekki af vegna metnaðarfullra verkefni sem framundan eru.

Hagsmunabaráttan. Á starfsárinu beitti Kraftur sér í hagsmunamálum ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum þess. Félagið hefur m.a. gagnrýnt stjórnvöld fyrir að innleiða ekki sömu sjúkrahúslyf og gert er í samanburðarlöndum okkar. Þá minnir félagið reglulega á háan kostnað félagsmanna sinna vegna lækisverka og lyfja. Nú hefst vinna við að endurskoða efni Lífskrafts og gefa bókina síðan út í fimmta sinn. Á næstunni verður boðið upp á fleiri vörutegundir í vefversluninni og er hönnunarvinna farin af stað. Í haust mun Kraftur bjóða upp á mánaðarlega fagfyrirlestra um hvaðeina sem tengist krabbameini og ungu fólki. Kraftur mun einnig leitast við að safna fleiri mánaðarlegum styrktaraðilum til að tryggja stoðir félagsins. Þá býður Kraftur vinna við að skipuleggja hvernig standa skuli að úthlutun styrkja til lyfjakaupa frá Apótekarinum. Verkefni eru því næg framundan hjá litla félaginu sem nú er búið að slíta barnsskónum.

Ragheiður Davíðsdóttir.

Ný rödd

Fullt nafn: Ný rödd, samtök fólks sem hefur misst raddbönd vegna krabbameins.
Stofndagur: 20. desember 1980. Félagsmenn: Um 25.
Netfang: nyrodd@krabb.is Vefsíða: www.krabb.is/nyrodd



Stjórn kosin á aðalfundi 2016:

Formaður: Ragnar Davíðsson, Gnoðavogi 74, 104 Reykjavík 693 1426 ragnar@rikiskaup.is
Meðstjórnandi: Jón Erlendur Guðmundsson
Meðstjórnandi: Stefán Kr. Sverrisson

Starfsemi 2016-2017

Ný rödd er stuðningsfélag þeirra sem misst hafa raddbönd og barkakýli vegna krabbameins. Heimsóknir til sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir og jafningjafræðsla eru fastir liðir í starfsemi, en gott samstarf hefur tekist á milli félagsins og háls-, nef- og eyrnadeildar Landspítala, sem og talmeinafræðinga. Félagsfundir eru haldnir með líku sniði og fyrri ár og fundað að jafnaði á tveggja mánaða fresti. Ný rödd hefur notið velvildar krabbameinsfélaganna og tekið þátt í formannafundi og aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands.

Fulltrúar frá Nýrri rödd sækja norrænnar ráðstefnur systurfélaga sinna á Norðurlöndum þegar þannig háttar til, þar sem kynntar eru helstu nýjungar í hjálpartækjum barkakýlislausra auk þess sem rætt er um framfarir í lækningum og aðgerðum sem vænta má á næstu árum.

Ný rödd hefur verið aðildarfélag Öryrkjabandalags Íslands síðan haustið 2015.

Ragnar Davíðsson.

Ristilfélagið

Stofndagur: 30. júní 2009.
Félagsmenn: Um 65.
Vefsíða: krabb.is/ristilfelagid



Stjórn kosin á aðalfundi 3. mars 2015:
Formaður: Páll Sævar Guðjónsson
Meðstjórnandi: Gunnhildur Sigurðardóttir
Meðstjórnandi: Helena Eydís Ingólfssdóttir
Meðstjórnandi: Magnea Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi: Þorleifur Guðmundsson

897 8103 psg@tandur.is

Stómasamtök Íslands

Stofndagur: 16. október 1980. Félagsmenn: Um 300.
Netfang: stoma@stoma.is
Vefsíða: www.stoma.is



Stjórn kosin á aðalfundi 2016:
Formaður: Jón Þorkelsson, Miðvangi 121, 220 Hafnarfirði
Varaformaður: Eva Bergmann
Ritstjóri: Sigurður Jón Ólafsson
Fulltrúi ungliða: Jónína Rós Guðfinnsdóttir
Meðstjórnandi: Inger Rós Jónsdóttir

696 4395 jon@hyggir.is

Starfsemi 2016-2017

Starfsárið var nokkuð hefðbundið hjá félaginu. Haldnir voru sex almennir félagsfundir og voru þeir sem hér segir: Almennir félagsfundir voru haldnir fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði frá október til apríl að janúar mánuði undanskildum. Almennur fundur var haldinn á Akureyri. Aðalfundur félagsins var síðan haldinn í maí eins og lög félagsins segja til um. Ungir stómaþegar hittust nokkrum sinnum óformlega yfir árið.

Innlent samstarf. Stjórnarmenn sóttu fundi í nefndum og ráðum innan Krabbameinsfélags Íslands eftir því sem efni og ástæður gáfu tilefni til. Tveir fulltrúar okkar voru síðan á aðalfundi félagsins. Einnig á formaður sæti í stjórn félagsins og er formaður nefndar um úthlutun styrkja úr Velunnarasjóði. Þrír fulltrúar samtakanna sóttu aðalfund Öryrkjabandalags Íslands. Einnig var formaður samtakanna kosinn til setu í kjörnefnd bandalagsins sjötta árið í röð. Einnig var hann kosinn í nefnd til endurskoðunar á úthlutunarreglum vegna styrkja á vegum bandalagsins. Haldinn var sameiginlegur fundur með CCU-samtökunum í apríl. Nokkrir einstaklingar frá Stómasamtökunum hittu hópa af heilbrigðisstarfsfólki og fræddu þá um stóma og ummönnun þess. Hjúkrunarfræðingar af deild 13G á Landspítala heimsóttu okkur á einum af reglulegu fundunum og var það vel til fundið.

Erlent samstarf. Ein sending af afskrifuðum stómavarningi fór til Úkraínu og önnur til Zimbabve. Einnig aðstoðuðum við sænsku samtökin (ILCO) við frekara starf í Zimbabve en Svíar eru þar með svokallað „twinning project“ í gangi. Formaður samtakanna var áfram í stjórn Evrópusamtakanna, EOA, og tók þátt í stjórnarstörfum. Fundum þar fjölgaði óvænt í byrjun árs 2017 vegna deilna við hollensku stómasamtökin sem höfðu tekið að sér að skipuleggja ráðstefnu EOA sem haldin er á þriggja ára fresti. Norrænn formannafundur var haldinn í Helsinki í lok mars og tókst mjög vel. Þrír fulltrúar frá Stómasamtökunum tóku þátt.

Útgáfumál. Fréttablað Stómasamtakanna var gefið út samkvæmt venju, kom út fjórum sinnum og er sem fyrr undir ritstjórn Sigurðar Jóns Ólafssonar. Fréttabréfin er einnig að finna á pdf-formi á heimasíðu samtakanna,

www.stoma.is. Heimasíða samtakanna virkar mjög vel í dag en ef til vill er kominn tími til að huga að breytingum á henni.

Almennt. Í lok starfsársins voru félagsmenn um 300 talsins, flestir á höfuðborgarsvæðinu en einnig er stór hópur virkur á Eyjafjarðarsvæðinu. Fjárhagur félagsins er ágætur í lok starfsársins. Ítrekað hefur verið reynt að fá styrki til starfseminnar víða að en það gengur mjög illa nema kannski helst á hefðbundnum slóðum innan Krabbameinsfélags Íslands og Öryrkjabandalags Íslands.

Jón Þorkelsson.

Styrkur

Fullt nafn: Styrkur, samtök krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra.

Stofndagur: 20. október 1987. Félagmenn: Um 350.

Netfang: styrkur@krabb.is Vefsíða: www.krabb.is/styrkur



Stjórn kosin á aðalfundi 13. apríl 2015:

Formaður: Steinunn H. Friðriksdóttir, Austurströnd 12, 170 Seltj. 896 5808 5525058@internet.is

Varaformaður: Hólmfríður Friðriksdóttir, Melseli 6, 109 Rvk.

Meðstjórnandi: Bryndís Konráðsdóttir

Meðstjórnandi: Snorri Ingimarsson

Meðstjórnandi: Erna Nielsen

Meðstjórnandi: Þrúður Hjaltadóttir

Starfsemi 2016-2017

Formaður og varaformaður sátu aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í Reykjavík í maí 2016 og formannafund í Skagafirði í október. Fjáröflun var í september með aðstoð Lionsfélaga í Eir. Salan gekk vel, seldir voru pennar og innkaupapokar með merki Krabbameinsfélagsins. Einnig voru seld í desember jólakort með myndum eftir Jón Reykdal listmálara.

Fundir eru haldnir annan mánudag í mánuði frá september og fram í maí, kl. 17:00. Jólafundur var 3. desember og Þorablót var haldið á bóndadaginn 20. janúar. Félagar í Styrk tóku þátt í sæluviku sem haldin var á Löngumýri í Skagafirði í júlí 2016.

Steinunn Helga Friðriksdóttir.

Lög Krabbameinsfélags Íslands

1. gr. Nafn og skilgreining.

Félagið heitir Krabbameinsfélag Íslands. Aðild að því eiga krabbameinsfélög í landinu og önnur áhugamannasamtök sem starfa í samræmi við tilgang félagsins og hlotið hafa samþykki stjórnar þess og staðfestingu aðalfundar.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur.

Tilgangur félagsins er að styðja og efla í hvítvetna baráttuna gegn krabbameini, svo sem með því að:

1. Beita sér fyrir virkri opinberri stefnu (krabbameinsáætlun) í forvörnum, greiningu, meðferð og endurhæfingu þeirra sem greinast með krabbamein.
2. Stuðla að þekkingu og menntun um krabbamein og krabbameinsvarnir.
3. Efla krabbameinsrannsóknir, m.a. með söfnun og vísindalegri úrvinnslu upplýsinga og með rekstri vísindasjóðs.
4. Beita sér fyrir leit að krabbameini á byrjunarstigi.
5. Styðja framfarir í meðferð krabbameins og umönnun krabbameinssjúklinga.
6. Beita sér fyrir stuðningi við krabbameinssjúklinga og aðstandendur.
7. Vera málsvari krabbameinssjúklinga og beita sér fyrir réttindum þeirra.

3. gr. Stjórnun.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum aðalfundar, sem haldinn skal fyrir maflök ár hvert. Boða skal til hans bréflaga með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Skýrslur aðildarfélaga.
4. Lagabreytingar.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.
7. Kosnir fimm menn í uppstillingarnefnd.
8. Önnur mál.

Hverju starfandi aðildarfélagi er heimilt að senda einn fulltrúa á aðalfund fyrir hverja 200 félagsmenn, eða brot úr þeim fjölda, þó aldrei fleiri en sex fulltrúa. Jafnframt hafa stjórnarmenn Krabbameinsfélags Íslands fulltrúarétt á aðalfundi.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin er skipuð sjö aðalmönnum og tveim til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa þrjá meðstjórnendur til tveggja ára og tvo til vara til eins árs í senn. Við skipan stjórnar skal þess gætt að fulltrúar séu bæði frá svæðafélögum og stuðningshópum. Miðað er við að stjórnarmenn sitji að jafnaði eigi lengur en fjögur kjörtímabil í senn. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund kys stjórnin úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Formaður boðar til stjórnarfunda að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur skal kalla saman ef þrír stjórnarmenn eða fleiri óska þess.

Formannafundur skal að jafnaði haldinn í október. Þar skulu kynnt þau málefni sem unnið er að á vegum félagsins á hverjum tíma. Tillögur samþykktar á formannafundi skulu vera bindandi fyrir stjórn, enda skulu þær hljóta meirihluta greiddra atkvæða þeirra sem hefðu haft atkvæðisrétt á síðasta aðalfundi.

4. gr. Rekstur.

Stjórn félagsins ræður forstjóra sem ber ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart stjórninni, samkvæmt starfslýsingu.

Stjórnin setur reglur um starfsemi félagsins.

5. gr. Fjármál.

Aðildarfélög skulu hafa samráð við stjórn áður en stofnað er til meiri háttar fjáröflunar.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

6. gr. Lagabreytingar.

Tillögur um lagabreytingar skulu sendar formanni minnst tveimur mánuðum fyrir aðalfund. Skulu þær kynntar í fundarboði.

Til breytinga á lögum félagsins þarf 3/5 greiddra atkvæða á aðalfundi.

Aldrei má breyta lögnum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins skv. 2. grein.

7. gr. Félagsslit.

Til að leggja félagið niður þarf samþykki tveggja aðalfunda í röð og séu félagsslitin samþykkt með a.m.k. 4/5 greiddra atkvæða á hvorum fundi. Geta skal sérstaklega áforms um félagsslit í fundarboði.

Verði félagið lagt niður skal eignum þess ráðstafað til líknarstarfa í samráði við heilbrigðisráðuneytið. Því ákvæði má aldrei breyta.

Lögin í heild voru samþykkt á aðalfundi 6. maí 2000, breyting á 3. grein (uppstillingarnefnd) á aðalfundi 3. maí 2003 breyting á 2. grein (vísindasjóður) og 3. grein (formannafundur) á aðalfundi 7. maí 2005 og breyting á 2. gr. (1., 6. og 7. töluliður) á aðalfundi 7. maí 2011.

Prentsmiðjan Oddi.

2. prentun, febrúar 2018.

